# FRÉTTABLAÐIÐ

260. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 3. NÓVEMBER 2016






FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# **FRÁBÆR TILBOÐ** YFIR 100 VERSLANA OG VEITINGASTAÐA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| herra GARÐURINN -klæðir þig vel<br>20% afsláttur af öllum vörum | MAC<br>TAX FREE | FINNSKA BÚÐIN<br>25% afsláttur af öllum fatnaði og fylgihlutum | ENGLABÖRNIN Falleg föt á stelpur og stráka...<br>20% afsláttur af öllum vörum | Café roma<br>20% afsláttur af muffins og drykk að eigin vali | Lín DESIGN<br>30% afsláttur af öllum vörum |
| 66° NORÐUR<br>20% afsláttur af öllum fylgihlutum | A4<br>20% afsláttur af öllum vörum | augað<br>25% afsláttur af öllum vörum | BEAUTY BAR<br>20% afsláttur af völdum vörum | BIANCO® FOOTWEAR<br>20% afsláttur af öllum vörum | THE BODY SHOP<br>25% afsláttur af öllum vörum |
| name it<br>20% afsláttur af öllum vörum | SELECTED<br>20% afsláttur af öllum vörum | JACK & JONES<br>20% afsláttur af öllum vörum | VERO MODA<br>15% afsláttur af öllum vörum | HAGKAUP Ein ferð betra verð SNYRTIVÖRUR<br>TAX FREE af snyrtivörum | AVEDA<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| BOSS HUGO BOSS<br>20% afsláttur af öllum vörum | rhodium<br>20% afsláttur af öllum vörum | VILA CLOTHES<br>15% afsláttur af öllum vörum | PANDORA<br>20% afsláttur af öllum vörum | CINTAMANI<br>25% afsláttur af öllum vörum | HAGKAUP Ein ferð betra verð 2. HÆÐ<br>20% afsláttur af Weather report fatnaði og Keel böngsum. 30% af jólaskrauti |
| Jens<br>20% afsláttur af öllu herraskarti, 24iceland úrum, 10% afsláttur af Stál í stál gjafavöru | ISLANDIA TOURIST SHOP<br>20% vildarafsláttur af öllum vörum | TE & KAFFI<br>25% afsláttur af öllu tei | DOGMA<br>20% afsláttur af öllum vörum | F&F<br>30% afsláttur af barnaúlpum | SHARE™ womens wear<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| cobra<br>20% afsláttur af öllum vörum | MÝRIN<br>20% afsláttur af öllum vörum | NEON KRINGLUNNI<br>20% afsláttur af öllum vörum | Gleraugað<br>25% afsláttur af öllum vörum | COMPANYS<br>20% afsláttur af öllum vörum | iStore<br>10-50% af öllum fylgihlutum |
| Marc O'Polo<br>20% afsláttur af öllum vörum | STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN<br>20% afsláttur af öllum skóm | JOE BOXER<br>20% afsláttur af öllum vörum | INDISKA<br>20% afsláttur af öllum vörum | Lyf & heilsa<br>20-30% afsláttur af öllum vörum, gildir ekki af lyfjum | gs skór<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| vodafone<br>20% afsláttur af öllum spjaldtölvum | epal DESIGN<br>15% afsláttur af öllum vörum, 30% afsláttur af völdum vörum | JÓN & ÓSKAR<br>20% afsláttur af öllum vörum nema trúlofunarhringjum | Galla BUXNABÚÐIN<br>20% afsláttur af öllum vörum | hrím www.hrim.is<br>20% afsláttur af öllum vörum | SMASH<br>20% afsláttur af öllum vörum |

Birt með fyrirvara um prent- og/eða innsláttarvillur.

PIPAR\TBWA • SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

260. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 3. NÓVEMBER 2016




**„Þetta er mjög mikil hækkun og hún þarfnast ítarlegra útskýringa og það er ekkert víst að hún gangi upp,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, þegar hann ræddi við fréttamenn um nýjan úrskurð kjararáðs. Hann setur þó fyrirvara við þær hugmyndir að Alþingi breyti úrskurðinum, sem hefur vakið hörð viðbrögð í vikunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vilja endurskoðun samfara inngripi

**Forseti Íslands kveðst vænta þess að Alþingi beiti sér vegna ákvörðunar kjararáðs um að hækka laun æðstu embættismanna. Þingmenn vilja skoða inngrip en vilja þá skoða fyrirkomulag vegna launamála sinna í leiðinni. Þingmaður VG segir hækkunina fráleita.**

**STJÓRNMÁL** Talsmenn flokkanna á Alþingi setja flestir fyrirvara við að þingið hnekki ákvörðun kjararáðs um launahækkanir þingmanna og ráðherra. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sagðist í gær ekki vilja þá launahækkun og að hann vænti þess að Alþingi myndi „vinda ofan af ákvörðuninni“.

„Það kemur vel til greina,“ svaraði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, aðspurður á blaðamannafundi í gær hvort Alþingi ætti með einhverjum hætti að grípa inn í og breyta ákvörðun kjararáðs.

Hann sló hins vegar varnagla.

„Grípi þingið inn í þetta mál, sem ég skal alls ekki útiloka og getur verið nauðsynlegt í ljósi aðstæðna, þá finnst mér mikilvægt að við svörum um leið þeirri spurningu hvort áfram eigi að standa í lögum að þingmenn eigi að njóta sambærilegra kjara og aðrir sem gegna viðlíka ábyrgð,“ sagði Bjarni.

> **Nú er bara að sjá hvort ekki sé hægt að sammælast um það að þessu máli verði snúið við og lög um kjararáð löguð.**
>
> Birgitta Jónsdóttir, Pírati

Svandís Svavarsdóttir alþingismaður segir liðsmenn Vinstri grænna telja hækkunina fráleita.

„Alþingi getur gert það sem það vill, mér finnst mikilvægt að við förum yfir þetta því það þurfa að gilda skýrar og almennilegar reglur,“ svarar Svandís.

Birgitta Jónsdóttir Pírati segir að alþingismenn eigi ekki að hlutast til um sín laun en þegar upp komi slíkt tilfelli með 44 prósenta hækkun þurfi eitthvað að gera.

„Nú er bara að sjá hvort ekki sé hægt að sammælast um það að þessu máli verði snúið við og lög um kjararáð löguð,“ segir Birgitta í samtali við Fréttablaðið.

– gar, sg / sjá síðu 6

## Fyrsti fundur með Katrínu

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson mun byrja daginn á að ræða við Katrínu Jakobsdóttur, formann Vinstri grænna, um myndun ríkisstjórnar. Hann ætlar síðan að ræða við formenn allra flokka á Alþingi og mun röðin fara eftir þingstyrk flokkanna. Það þýðir að eftir Katrínu í röðinni verður Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni byrjaði þó á að ræða við Sigurð Inga Jóhannsson, formann Framsóknarflokksins, í gær. Þeir Bjarni og Sigurður Ingi hafa setið saman í stjórn í tæp fjögur ár.

„Það er dálítið flókið með þessi úrslit en ég tel að aðstæður í landinu, verkefnin fram undan og þessi niðurstaða kosninganna eigi að gera það að verkum að það takist að mynda sterka ríkisstjórn,“ sagði Bjarni við fréttamenn á tröppum Bessastaða í gær.

– jhh / sjá síðu 2

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Hafsteinn Þór Hauksson skrifar um stjórnarmyndanir. 21

**SPORT** Strákarnir fóru vel af stað í undankeppni EM 2018. 34

**TÍMAMÓT** Ólafur Arnalds er þrítugur. 36

**LÍFIÐ** Kristján Freyr Halldórsson er nýr rokkstjóri Aldrei fór ég suður. 54

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● LÍFIÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Ákveðin austan- og norðaustanátt í dag, einkum yfir Vestfjörðum og suðaustanlands. Skúrir og síðan slydduél norðaustan til, en hægviðri og úrkomulítið suðvestanlands og hiti að 8 stigum.

SJÁ SÍÐU 36



**Þorsteinn Ragnarsson hefur áhyggjur af fjárhagsstöðu Krikjugarðanna.**

# Kirkjugarðar gætu þurft að segja upp fólki

**SAMFÉLAG** Þorsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, skrifar í fréttabréfi garðanna að fjármál þeirra séu í ólestri. Þar segir hann að frá árinu 2009 hafi ríkið skert rekstrarfé og hafi einingaverð gjaldalíkansins rýrnað um tæplega 50 prósent ef miðað er við verðlagsþróun á þessum árum.

Hann segir að kirkjugarðar séu reknir með halla og sé áfram gengið á garðana þurfi að grípa til uppsagna.

Kirkjugarðar landsins fengu á síðasta ári leiðréttingu á fjárlögum vegna reikningsskekkju á árunum 2009-2014 sem nam 145 milljónum króna. Fengu KGRP um 50 prósent af þeirri upphæð. **– bbh**

# Eimskip kaupir í Noregi

**VIÐSKIPTI** Eimskip hefur keypt norska flutningafyrirtækið Nor Lines. Áætluð ársvelta Nor Lines er 110 milljónir evra eða um 13,6 milljarðar króna. Til samanburðar var velta Eimskips síðasta ár um 500 milljónir evra eða ríflega 60 milljarðar króna.

Rekstur Nor Lines hefur verið erfiður á undanförnum árum og verður starfsemin endurskipulögð með því að aðlaga reksturinn núverandi starfsemi Eimskips í Noregi. Kaupin voru fjármögnuð með handbæru fé. **– hh**

# Hjaltalín á Bryggjunni



**Söngvarinn Högni Egilsson og hljómsveitin Hjaltalín komu fram á tónleikum á Bryggjunni brugghúsi í tilefni af Iceland Airwaves. Þetta var í eina skiptið sem Hjaltalín kemur fram í tengslum við hátíðina. Airwaves-hátíðin stendur yfir til og með 6. nóvember næstkomandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# 25 milljónir fara í neyðarsjóð SÞ

**UTANRÍKISMÁL** Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra hefur ákveðið að veita 25 milljónir króna til neyðarsjóðs Sameinuðu þjóðanna. Upphæðin bætist við þær tíu milljónir króna sem settar voru í sjóðinn fyrr á árinu.

Ástæðurnar fyrir fjárveitingunni nú eru meðal annars hamfarirnar á Haítí, vegna fellibylsins Matthíasar sem fór yfir eyríkið í upphafi mánaðarins, og viðvarandi borgarastyrjöld í Sýrlandi.

Samkvæmt mati stofnana Sameinuðu þjóðanna er þörf á 119 milljónum dala í mannúðaraðstoð á Haítí.

Þá hefur sjóðurinn einnig látið fé af hendi rakna til Tsjads, Mið-Afríkulýðveldisins og Jemens. Þeim sem þarfnast neyðaraðstoðar hefur fjölgað mjög á síðustu árum en í septembermánuði einum veitti sjóðurinn 69 milljónir dala í aðstoð í tíu löndum. **– jóe**

**LANDSKJÖRSTJÓRN**

**Fundur um úthlutun þingsæta**

Landskjörstjórn kemur saman til fundar mánudaginn 7. nóvember, kl. 16 til að úthluta þingsætum á grundvelli kosningaúrslita í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar sem fram fóru 29. október sl.

Hér með er umboðsmönnum þeirra stjórnmálasamtaka sem buðu fram við alþingiskosningarnar gefinn kostur á að koma til fundarins, sem haldinn verður á 2. hæð í Austurstræti 8-10, Reykjavík, húsnæði nefndasviðs Alþingis. Gengið er inn frá Vallarstræti.

*Reykjavík, 1. nóvember 2016.*

***Landskjörstjórn.***

# Hófst strax handa við að mynda ríkisstjórn

**Formaður Sjálfstæðisflokksins ræðir mögulegt ríkisstjórnarsamstarf við formenn allra þeirra flokka sem eiga þingmenn á Alþingi. Forseti Íslands gefur formanninum nokkra daga áður en hann þarf að upplýsa um gang viðræðna.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, þarf að upplýsa forseta Íslands um gang mála í stjórnarmyndunarviðræðum um næstu helgi eða strax eftir helgi. Þetta kom fram í máli forseta á Bessastöðum í gær þar sem hann tilkynnti að Bjarni hefði fengið umboð til stjórnarmyndunar.

„Ég hugsa að þetta sé nú bara að hann vill vita hvenær hann á að afturkalla umboðið, að menn séu ekki að liggja með þetta of lengi. Það er pressa á að mynda stjórnina því það þarf að leggja fram fjárlög. Það er líklega það sem liggur þarna að baki,“ segir Guðmundur Hálfdánarson, prófessor í sagnfræði og forseti hugvísindasviðs Háskóla Íslands, um fyrirvarann sem forseti setur. „Ekki það að menn séu að drolla við þetta yfirleitt. Hann hefur áhyggjur af því hvort þetta gangi ekki hratt og örugglega fyrir sig.“

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, boðaði Bjarna á fund sinn klukkan ellefu í gærmorgun og tilkynnti að fundi loknum að Bjarni hefði fengið umboð til að mynda ríkisstjórn. Í máli forsetans kom fram að Bjarni hefði ekki tilkynnt honum hvaða stjórn hann myndi fyrst reyna að mynda eða hver óskaríkisstjórn hans væri.

Guðni tók jafnframt fram að hann væri ekki að útnefna næsta forsætisráðherra með ákvörðun sinni. Fyrst og fremst væri hann að hjálpa leiðtogum stjórnmálaflokkanna að mynda ríkisstjórn og ljúka því verki.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, sótti það nokkuð fast að fá umboð til stjórnarmyndunar því margt í orðum formanna hinna flokkanna bendir til þess að Viðreisn verði í næstu ríkisstjórn. Formaður Bjartrar framtíðar, Óttarr Proppé, óskaði jafnframt eftir því að Benedikt fengi umboðið. Guðni svaraði því til að honum hefði þótt vænlegra til árangurs að Bjarni fengið umboðið.



**Bjarni Benediktsson ræddi við blaðamenn eftir að Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tilkynnti að hann fæli Bjarna stjórnarmyndunarumboð.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það er pressa á að mynda stjórnina því það þarf að leggja fram fjárlög.**
>
> Guðmundur Hálfdánarson, prófessor í sagnfræði



Eftir tilkynningu forsetans sagðist Bjarni ætla að ræða við alla formenn flokkanna og ekki vera með neina eina stjórn í huga fremur annarri. Áður hafði Bjarni útilokað samstarf með Pírötum. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar er sögð vera í burðarliðnum en Bjarni sagði að á henni væri sá galli að hún hefði aðeins eins manns meirihluta.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Benedikt, formanni Viðreisnar, hafði Bjarni átt við hann samtal í gegnum síma og þeir bókað fund sem fram fer í dag. Bjarni fundaði með þingflokki Sjálfstæðisflokks í gær og svo með formanni Framsóknarflokksins.

**snaeros@frettabladid.is**





# Citan og Vito.
# Tveir traustir frá Mercedes-Benz.

**Citan og Vito farþega– og sendibílar eru fjölhæfir, sparneytnir og sterkbyggðir starfskraftar sem fást í ótal útfærslum.** Vetrardekk fylgja öllum Citan og Vito til áramóta, ásamt rúðusköfu, húfu og trefli. Komdu í atvinnubíladeild Öskju og kynntu þér þessa vönduðu dugnaðarforka.

Citan, millilangur sendibíll

Verð frá 2.500.000 kr. án vsk.

Vito, millilangur sendibíll

Verð frá 3.730.000 kr. án vsk.

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“

## Flestar breytingar í hverju kjördæmi*

| NV | NA | SU | SV | RN | RS |
|---|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |  |
| Gunnar Bragi Sveinsson | Sigmundur D. Gunnlaugsson | Ásmundur Friðriksson | Þorgerður K. Gunnarsdóttir | Ólöf Nordal | Birgitta Jónsdóttir |
| 371 | 817 | 168 | 563 | 111 | 198 |

## Samanburður milli síðustu kosninga

■ 2013 ■ 2016






Katrín Jakobsdóttir var sjaldnast færð til á lista af formönnum þeirra flokka sem náðu mönnum inn á þing, alls fimm sinnum. Það er sami fjöldi og síðast.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var oftast strikaður út.

## Kjördæmin á milli kosninga

■ 2013 ■ 2016







## Flestar breytingar 2016*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | B | 817 |
| 2 | Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir | C | 563 |
| 3 | Gunnar Bragi Sveinsson | B | 371 |
| 4 | Bjarni Benediktsson | D | 274 |
| 5 | Vilhjálmur Bjarnason | D | 205 |
| 6 | Birgitta Jónsdóttir | P | 198 |

## Hlutfallslega flestar breytingar**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | B | 17,99% |
| 2 | Gunnar Bragi Sveinsson | B | 10,65% |
| 3 | Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir | C | 8,21% |
| 4 | Eygló Harðardóttir | B | 4,23% |
| 5 | Steingrímur J. Sigfússon | V | 3,41% |
| 6 | Birgitta Jónsdóttir | P | 2,98% |

## Samanburður milli kosninga

| | | '13 | '16 |
|---|---|---|---|
| ▲ Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | B | 43 | 817 |
| ▼ Bjarni Benediktsson | D | 738 | 274 |
| ▲ Steingrímur J. Sigfússon | V | 15 | 155 |
| ▼ Guðlaugur Þór Þórðarson | D | 564 | 161 |
| ▼ Óli Björn Kárason | D | 551 | 125 |
| ▼ Björt Ólafsdóttir | A | 192 | 19 |

*Hér er átt við samanlagðan fjölda útstrikana og tilfærslna neðar á lista **Útstrikanir og tilfærslur deilt með atkvæðafjölda framboðs í kjördæminu

# Minna um útstrikanir nú en árið 2013

**Ekki hefur verið kannað hvort einhverjir hópar séu líklegri til að breyta röðun frambjóðenda í kosningum en aðrir. Útstrikanir nú voru flestar á listum Framsóknarflokksins. Flokkurinn var sá eini þar sem hlutfall útstrikana hækkaði á milli alþingiskosninga.**

**KOSNINGAR** Kjósendur Framsóknarflokksins breyttu listum flokksins oftast í kosningunum sem fram fóru síðastliðinn laugardag. Stuðningsmenn Bjartrar framtíðar gerðu fæstar breytingar. Minna var um útstrikanir og breytingar á kjörseðlum í þingkosningunum nú en í kosningunum árið 2013.

„Það hefur verið spurt um útstrikanir og endurröðun í íslensku kosningarannsókninni undanfarin ár en niðurstöðurnar ekki greindar frekar,“ segir Eva Heiða Önnudóttir, nýdoktor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Of fáir svarendur könnunarinnar hafa breytt röðuninni til að hægt sé að skoða niðurstöðurnar.

5.944 kjósendur, 3,32 prósent gildra atkvæða, breyttu framboðslista með því að strika yfir frambjóðanda eða endurraða frambjóðendum í þingkosningunum síðastliðinn laugardag. Í þessari samantekt er litið til allra lista framboða sem náðu manni inn á þing. Í kosningunum 2013 breyttu 6.922 röð á lista eða 4,15 prósent.

Árið 2013 voru það kjósendur Sjálfstæðisflokksins sem oftast breyttu röðun á lista en nú voru Framsóknarmenn mest í því. Síðast var mest um breytingar í Reykjavík norður en nú var það í Norðausturkjördæmi sem breytingablæjanturinn var mest á lofti.

> **Ef þú kannt illa við frambjóðandann, þá strikar þú hann út.**
>
> Eva Heiða Önnudóttir, nýdoktor í stjórnmálafræði



**5.944**
**kjósendur breyttu framboðslista, eða 3,32 prósent.**

Engar rannsóknir eru til um það hvort flokksbundnir einstaklingar eða aðrir eru líklegri til að strika út eða raða lista upp á nýtt. „En þetta er nokkuð borðleggjandi. Ef þú kannt illa við frambjóðandann, þá strikar þú hann út,“ segir Eva Heiða.

Augljóst er að átökin í Framsóknarflokknum vikurnar og mánuðina fyrir kosningar hafa haft áhrif. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Eygló Harðardóttir voru öll strikuð oft út af kjósendum flokksins. Formaður og varaformaður flokksins, þau Sigurður Ingi Jóhannsson og Lilja Alfreðsdóttir, sluppu hins vegar vel. Sé horft á lista annarra framboða var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir strikuð oftast út af kjósendum Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi.

Athyglisvert er að bera saman útstrikanir Sjálfstæðisflokksins þá og nú. 2013 var einna oftast strikað yfir Bjarna Benediktsson en mun færri gerðu það nú. Svipaða sögu er að segja af þingmönnum flokksins þeim Ásmundi Friðrikssyni og Óla Birni Kárasyni. Óvinsældir Vilhjálms Bjarnasonar aukast hins vegar milli kosninga.

„Útstrikanirnar í Sjálfstæðisflokknum nú virðast ekki beinast að ákveðinni persónu líkt og raunin er í Framsóknarflokknum,“ segir Eva Heiða. johannoli@frettabladid.is






Ford

**Upplifðu frábæra akstурseiginleika Ford Fiesta Trend**
**- komdu núna og tryggðu þér Fiesta á vetrarverði með kaupauka**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Fáir vissu af væntanlegri hækkun kjararáðs á launum þingmanna þegar oddvitar flokkanna mættust á Stöð 2 fyrir kosningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Slá varnagla við inngripi í nýja launahækkun sína

**STJÓRNMÁL** Talsmenn flokkanna sem sæti eiga á Alþingi eru ekki afdráttarlausir varðandi þá spurningu hvort þingið eigi að hnekkja ákvörðun kjararáðs um mikla launahækkun þingmanna og ráðherra. Það verði ekki gert nema samhliða breytingu á fyrirkomulaginu við ákvörðun launanna.

„Það kemur vel til greina,“ svaraði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, aðspurður á blaðamannafundi í gær hvort Alþingi ætti með einhverjum hætti að grípa inn í og breyta ákvörðun kjararáðs. Hann sló hins vegar varnagla við inngripi Alþingis.

„Grípi þingið inn í þetta mál, sem ég skal alls ekki útiloka og getur verið nauðsynlegt í ljósi aðstæðna, þá finnst mér mikilvægt að við svörum um leið þeirri spurningu hvort áfram eigi að standa í lögum að þingmenn eigi að njóta sambærilegra kjara og aðrir sem gegna viðlíka ábyrgð,“ sagði Bjarni.

Ekki náðist í Katrínu Jakobsdóttur, formann Vinstri grænna, en Svandís Svavarsdóttir alþingismaður segir liðsmenn VG telja hækkunina alveg fráleita og út úr öllu korti. „Alþingi getur gert það sem það vill, mér finnst mikilvægt að við förum yfir þetta því það þurfa að gilda skýrar og almennilegar reglur. Mér finnst að við þurfum að meta það að hvaða leyti þeim hefur verið fylgt í þessu tilfelli, og þá finnst mér allir möguleikar vera uppi á borðinu,“ svarar Svandís.

Birgitta Jónsdóttir Pírati segir að alþingismenn eigi auðvitað ekki að hlutast til um sín laun en þegar upp komi slíkt tilfelli með 44 prósenta launahækkun þurfi eitthvað að gera. Hún hafi gagnrýnt að kjararáð sé pólitískt skipað. Nær væri að þar sætu sérfræðingar í vinnumarkaðsmálum og launaþróun.

**Alþingi getur gert það sem það vill. Mér finnst mikilvægt að við förum yfir þetta því það þurfa að gilda skýrar og almennilegar reglur.**



Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG

„Í gærmorgun skoraði ég á alla þingmenn að hafna þessu og í gærmorgun leitaði ég leiða til þess að hafna þessu. Nú er bara að sjá hvort ekki sé hægt að sammælast um það að þessu máli verði snúið við og lög um kjararáð löguð,“ segir Birgitta.

Viðreisnarmenn vilja ekki tjá sig um þetta mál að svo stöddu. Það segir Gylfi Ólafsson, nýbakaður aðstoðarmaður Benedikts Jóhannessonar, formanns flokksins.

„Við munum örugglega taka þetta mál upp,“ segir Logi Már Einarsson, nýkjörinn alþingismaður og formaður Samfylkingarinnar. Hann telji að finna þurfi betri farveg þannig að slíkar ákvarðanir séu ekki teknar svo sjaldan og inniberi ekki svo stórt stökk. **– gar, sg**

**Hlutfall þingmannalauna af meðallaunum í Evrópu***

***Árslaun í evrum**

Heimild: Eurostat 2010, Hagstofa Íslands, CityAM




# Laun alþingismanna há í alþjóðlegu samhengi

**Grunnlaun þingmanna hér á landi, samanborið við meðallaun í landinu, eru hærri en meðaltal Evrópusambandsins og á öðrum Norðurlöndum. Hlutfallið er svipað og í Þýskalandi og Bretlandi, en lægra en í Eystrasaltslöndunum.**

KJARAMÁL



Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

Hlutfall grunnlauna þingmanna samanborið við meðaltal reglulegra launa á Íslandi er 2,75 eftir ákvörðun kjararáðs. Hlutfallið er svipað og í Þýskalandi, töluvert hærra en á Norðurlöndunum og hærra en meðaltal Evrópusambandsríkja, samkvæmt tölum Eurostat.

Árslaun þingmanna, ef miðað er við nýtt þingfararkaup sem ákvarðað var á dögunum, nema 13,2 milljónum króna og þar með eru ekki taldar aukagreiðslur út af formennsku í ýmsum nefndum Alþingis, og önnur kjör. Til samanburðar nam meðaltal árslauna (regluleg laun) í landinu 5,3 milljónum árið 2015 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hlutfallið er því 2,75 en gæti verið nokkuð lægra séu almennar launahækkanir á árinu teknar með.



Þingmenn hér á landi eru með há laun í samanburði við meðallaun í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eurostat, hagstofa Evrópu, tók saman grunnlaun þingmanna og meðallaun í löndum Evrópusambandsins árið 2010. Þar kom fram að hlutfall launa þingmanna, samanborið við meðallaun í landinu, væri að meðaltali 2,4.

Laun alþingismanna samanborið við almenn laun í landinu eru hvað hæst á Ítalíu og í Eystrasaltslöndunum. Hlutfallið lækkar þegar litið er vestar og eru laun þingmanna um tvöföld meðallaun í landinu eða minna í Slóveníu, Belgíu, á Norðurlöndum og í Suður-Evrópu, utan Ítalíu. **saeunn@frettabladid.is**

# Kjararáð bætir 250 milljónum við eftirlaun þingmanna og ráðherra

**KJARAMÁL** Ákvörðun kjararáðs um hækkun ráðherralauna og þingfararkaups leiðir sjálfkrafa til þess að kostnaður ríkisins vegna eftirlauna fyrrverandi ráðherra og þingmanna hækkar um samtals 250 milljónir króna á ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fengu 223 einstaklingar á síðustu tveimur mánuðum greidd eftirlaun vegna setu á Alþingi og 57 einstaklingar fyrir að gegna ráðherraembætti fyrir apríl 2009. Þá voru eldri lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara afnumin. Í þeim fólst að eftirlaunarétturinn miðast við þingfararkaup hverju sinni.

Eftir apríl 2009 greiða alþingismenn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þeir ávinna sér þar réttindi eins og aðrir greiðendur og njóta engra sérréttinda.

Miðað við síðustu tvo mánuði fengu áðurnefndir 223 fyrrverandi þingmenn samtals greiddar 35,3 milljónir króna í eftirlaun á mánuði. LSR segir að með 44,3 prósenta hækkun kjararáðs á þingfararkaupi hækki mánaðarlegar greiðslur til þessa hóps um 15,6 milljónir og verði samtals 50,9 milljónir.



Ráðherrar og þingmenn fyrir apríl 2009 fá stærri bita af þjóðarkökunni í eftirlaun með ákvörðun kjararáðs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Breytingar á eftirlaunum þingmanna og ráðherra við nýja ákvörðun kjararáðs**

● **Ráðherrar**, 57 einstaklingar ● **Alþingismenn**, 223 einstaklingar

| | Mánaðarlífeyrir fyrir hækkun | Hækkun á mánaðarlegum lífeyri | Mánaðarlegur lífeyrir eftir hækkun | Launahækkun skv. úrskurði Kjararáðs |
|---|---|---|---|---|
| Alþingismenn | 35.276.301 | 15.639.950 | 50.916.251 | 44,3% |
| Ráðherrar | 16.599.340 | 5.900.650 | 22.499.990 | 35,5% |
| Samtals | 51.875.641 | 21.540.600 | 73.416.241 | |

Heimild: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Miðað er við meðaltal síðustu tveggja mánaða.

**57**

**fá nú eftirlaun ráðherra samkvæmt lögum frá því fyrir apríl 2009.**

**» Eftirlaun vegna setu á Alþingi og á ráðherrastóli miðast við laun eftirmanna vegna starfa fyrir apríl 2009.**

Mánaðarleg útgjöld LSR vegna ráðherranna 57 voru 16,6 milljónir króna en verða 22,5 milljónir með hækkuninni sem nemur 5,9 milljónum.

Samtals hækka eftirlaun þessa hóps um 21,5 milljónir króna mánaðarlega. Það samsvarar 258 milljónum á ári.

Tekið skal fram að réttindi þeirra einstaklinga sem tilheyra nefndum hópum fyrrverandi þingmanna og ráðherra eru mismikil eftir því hversu lengi þeir gegndu þingmennsku eða sátu í stóli ráðherra. **– gar**


Tröll
2 miðar fylgja*
Egils
MALT
OG
APPELSÍN
1955
0,5L
*Þegar keyptur er kassi af Egils malt og appelsín fylgja með 2 bíómiðar á myndina Tröll
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Fjórir nýir slökkviliðsbílar á næstu þremur árum

**SAMFÉLAG** Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu mun fá fjóra nýja slökkviliðsbíla í flota sinn á næstu þremur árum. Er það gert til að bregðast við hækkandi aldri bílaflotans. Einn af slökkviliðsbílum slökkviliðsins bilaði nýverið á leið í útkall í Hafnarfirði. Bilunin kom á versta tíma en bílar frá öðrum stöðvum voru einnig á leiðinni og því kom fjarvera bílsins ekki að sök. „Það bilaði túrbína í bílnum og hann komst því ekki á leiðarenda,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. Búið er að panta nýja túrbínu og sagði Jón Viðar að bíllinn ætti að vera kominn á götuna í næstu viku.

Slökkviliðið er með fjórar slökkvistöðvar á höfuðborgarsvæðinu, í Skógarhlíð, við Tunguháls, við Skútahraun í Hafnarfirði og á Kjalarnesi.

Bílafloti slökkviliðsins er orðinn of gamall en Jón Viðar segir að verið sé að vinna í að yngja flotann upp. „Bílarnr eru orðnir of gamlir. Það er búið að ákveða að kaupa fjóra nýja bíla á næstu þremur árum og vinna þannig í vandanum. Það er bjart fram undan hjá okkur og hér er enginn að stinga höfðinu í sandinn.“

Samþykkt var að heimila Jóni Viðari að fara í útboðið á stjórnarfundi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins þann 15. maí í fyrra. Hann segir að bílarnir verði alhliðabílar sem geti sinnt eldi, vatnsleka, slysum og fleira. „Við vonum að þetta verði boðið út fyrir áramótin og fjórir nýir bílar verði komnir í notkun á næstu þremur árum. Það tekur smá tíma að framleiða svona slökkviliðsbíla því þeir eru ekki teknir beint úr hillunni,“ segir hann. **– bbh**



**Nýja túrbínan ætti að vera komin hingað til lands fyrir helgi og bíllinn í lag strax í næstu viku.**




**Fyrstu grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna veifað í Nice árið 2005.** NORDICPHOTOS/AFP

## Þýðingarnar orðnar fleiri en fimm hundruð

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur nú verið þýddur yfir á meira en 500 tungumál.

Ekki er vitað til þess að nokkurt skjal hafi verið þýtt yfir á jafnmörg tungumál. Skjalið komst fyrir vikið á heimsmetaskrá Guinness strax árið 1999 þegar búið var að þýða það yfir á 298 tungumál.

Nýjasta þýðingin er á máli Quechua-þjóðarinnar í norðanverðri Bólivíu. Það er þýðing númer 501 en um 116 þúsund manns tala þetta tungumál.

Sáttmálinn hefur meðal annars verið þýddur yfir á tvö táknmál, hið spænska og hið breska.

Sáttmálinn var samþykktur af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. desember árið 1948. Í honum eru tilgreind þau grundvallarréttindi sem tryggja á öllum mönnum. **– gb**

# Heilsugæslan gæti tekið fleiri

**Heilsugæslan gæti auðveldlega tekið á móti öllum sem sækja á bráðadeild LSH vegna minniháttar vandamála. Vantar upplýsingaveitu, að norrænni fyrirmynd, sem tryggir að fólk leiti á rétta staði innan kerfisins.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Heilsugæslan getur auðveldlega tekið á móti þessum hópi. En það þarf að tryggja að fólk viti hvert það á að leita,“ segir Óskar Reykdalsson, framkvæmdastjóri lækninga við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær hefðu 13.000 af þeim um 85.000 einstaklingum sem leituðu til bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi á síðasta ári í raun átt að leita til heilsugæslunnar til að leita úrlausnar vegna heilsuvanda síns. Bráðamóttakan er hugsuð fyrir þá sem þurfa að leita sér aðstoðar vegna bráðra veikinda eða slysa og geta ekki beðið úrlausnar heilsugæslu eða á Læknavakt.

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðisviðs LSH, telur að undirliggjandi ástæða þessa sé sú að það vanti skýran vegvísi um kerfið – hvert beri að leita í það og það skiptið.

Þessu er Óskar sammála. „Öflugur vegvísir að hætti norrænna þjóða mun skila sér í að fólk leiti á rétta staði innan kerfisins. Nú þegar er símanúmerið 1700 mjög góður vegvísir en það þyrfti að gera góða opinbera heimasíðu með ráðleggingum. Þannig vinna aðrar norrænar þjóðir til að tryggja betri þjónustu,“ segir Óskar og bætir við að ef um bráðaveikindi er að ræða sé hjúkrunarfræðingur á öllum heilsugæslustöðvum á vöktum allan opnunartímann, og á bak við hann er læknir sem sinnir sjúklingum ef þörf er á. Allar heilsugæslustöðvarnar eru mannaðar með þessum hætti í dag. Til viðbótar koma síðdegismóttökur heilsugæslustöðvanna þar sem allir geta komið, og eftir að þeim er lokað tekur Læknavaktin við. „Það er nóttin sem við getum ekki sinnt,“ segir Óskar.



**Margir leita á bráðamóttöku LSH sem gætu auðveldlega fengið úrlausn sinna mála hjá heilsugæslu eða Læknavaktinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Öflugur vegvísir að hætti norrænna þjóða mun skila sér í að fólk leiti á rétta staði innan kerfisins.**
>
> Óskar Reykdalsson, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



Á höfuðborgarsvæðinu eru sautján heilsugæslustöðvar, og fjölgar þeim í nítján innan tíðar. Á heilsugæsluna komu 32.183 sjúklingar á heilsugæslustöðvarnar í september og um sjö þúsund á Læknavaktina; sem er nærri 40.000 komur samtals. Ef þeir sem leita á bráðavaktina að ósekju færu til heilsugæslunnar þá myndi Læknavaktin, síðdegis-, og bráðamóttökur þurfa að taka við 25 einstaklingum á dag til viðbótar.

Óskar útilokar ekki að það sé inngróið frá gamalli tíð að ómögulegt sé að bíða eftir tíma hjá heilsugæslunni. „Það þarf bara að leiðbeina fólki svo það viti hvert á að snúa sér. Þó talan sé há sem leitar á bráðadeildina þá er það mjög lítil viðbót fyrir okkur þegar litið er til þess hvað við sinnum mörgum á dag,“ segir Óskar.

**svavar@frettabladid.is**

Ljós og hiti
MÚR BÚÐAR VERÐ
TY2007W Vinnuljóskastari á telescope fæti 400W ECO pera 5.390
TY2007X Vinnuljóskastari ECO perur 2x400W tvöfaldur á fæti 6.590
TY2007K Vinnuljóskastari m handf 400W ECO pera, 1,8m snúra 3.290
T38 Vinnuljós 5.590
SHA-2625 Vinnuljóskastari Rone 28W m. innst. blár. 1,8m snúra 6.990
Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa 12.830
Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa 17.990
SHA-8083 3x36W Halogen 16.990
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
Klettháls 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Fimm ára börn fengu að aka traktorum

**SAMFÉLAG** Tæplega annar hver núlifandi Íslendingur, átján ára eða eldri, var sendur í sveit. Langflestum líkaði vistin þar vel en mesta heimþrá fengu þeir sem bjuggu við erfiðustu aðstæðurnar heima fyrir.

Þetta er meðal niðurstaðna úr rannsókn Jónínu Einarsdóttur, prófessors í mannfræði, á siðnum að senda börn í sveit. Rannsóknin var gerð með því að taka viðtöl við fólk á öllum aldri en elsti þátttakandinn er fæddur 1917 en sá yngsti árið 1994.

„Við spurðum um uppeldisaðstæður, fjárhagsstöðu miðað við aðra og hvort þátttakendur hefðu verið þægir eða ódælir sem börn,“ segir Jónína. Að auki var spurt um hvernig minningar fólk á frá þessum tíma og hvað þeim finnst um siðinn. Niðurstaðan úr því var að um níu af hverjum tíu væru jákvæðir í garð hans.

„Það var nokkuð sláandi að sjá að þeir sem mesta heimþrá höfðu komu af erfiðustu heimilunum,“ segir Jónína. „Það hljómar mótsagnakennt en þeir aðilar höfðu oft áhyggjur af ástandinu heima fyrir á meðan á dvöl stóð.“

Jónína segir að útlit sé fyrir að siðurinn hafi haldið sér nokkuð vel og enn sé stór hluti barna sem sé sendur í sveit á einhverjum tímapunkti. „Lengd vistarinnar er hins vegar önnur nú en áður. Áður fóru krakkar stundum í kringum sauðburð og komu ekki fyrr en eftir réttir. Nú fara krakkar síðar og koma fyrr til baka. Þar hafa bætt samgöngur og annað hugarfar gagnvart skóla eitthvað að segja.“



**Þeir yngstu voru aðeins börn að aldri þegar þeir fengu fyrst að stýra dráttarvél.** LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/KRISTJÁN Á. EINARSSON

Í viðtölunum var einnig spurt hvort fólk hefði fengið að aka dráttarvélum. Meðal niðurstaðna þar var að börn allt niður í fimm ára aldur hefðu fengið að aka dráttarvél. „Það voru harðar deilur á sjötta og sjöunda áratugnum um hvort setja ætti lágmarksaldur á þessar vélar. Lengi vel var það ekki gert því talið var að það myndi takmarka aðgang bænda að vinnuafli,“ segir Jónína.

Rannsóknin var til umfjöllunar á Þjóðarspeglinum í Háskóla Íslands á dögunum. **- joe**




# Hvað kýst þú
## fyrir hverfið þitt?



Hverfakosning 2016 er hafin á vefnum **kosning.reykjavik.is.**
Þar getur þú valið milli allskyns hugmynda að endurbótum fyrir þitt hverfi sem fram komu í hugmyndasöfnun borgarbúa í vor.
Veldu þínar uppáhaldshugmyndir fyrir 17. nóvember.

**Hverfið mitt** – kosning.reykjavik.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**Páll Hreinsson sat í rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Rannsaka plastbarkamál

**HEILBRIGÐISMÁL** Háskóli Íslands og Landspítali hafa skipað nefnd óháðra utanaðkomandi sérfræðinga til að rannsaka aðkomu stofnananna og starfsmanna þeirra að plastbarkamálinu.

Málið varðar fyrstu plastbarkaaðgerðina sem gerð var í heiminum árið 2011, en sjúklingurinn lést. Tveir Íslendingar eru aðilar að málinu, auk Háskóla Íslands og Landspítalans.

Nefndarmenn eru þrír, þau Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn, María Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í geðlækningum, og Georg Bjarnason krabbameinslæknir. Öll starfa þau utan Landspítalans og Háskóla Íslands.

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að málið sé eitt alvarlegasta siðferðisslys sem orðið hefur í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndunum. **– jhh**

## Líkkistuframleiðsla í Líberíu



**Þessi maður var upptekinn við það að smíða líkkistu á vinnustofu í Monróvíu, höfuðborg Líberíu, í gær. Líkkistusmíði er ábatasöm starfsgrein í Líberíu þar sem Líberíumenn eru kristin þjóð og hinir látnu jafnan grafnir í líkkistum sem framleiddar eru innanlands.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Kúabúum hefur fækkað um tvo þriðju frá 1986.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Bændur voru tilbúnir að selja hefði rétt verð fengist

**LANDBÚNAÐUR** Ljóst er að nokkrir bændur voru tilbúnir til að bregða búi fyrir rétt verð. Þetta segir formaður Landssambands kúabænda, LK.

Síðasti tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur fór fram í gær en hann var jafnframt sá stærsti frá upphafi. Alls voru 2,7 milljónir lítra seldar en kaupverðið var 555 milljónir króna. Þá höfðu 69 bændur hins vegar boðið fram um 5,9 milljónir lítra til sölu. Alls eru rúmlega 600 kúabú á landinu.

„Ég túlka þetta þannig að talsvert margir hafi verið tilbúnir til að selja ef rétt verð hefði fengist. Í sumum tilfellum fannst ekki rétt verð og þeir bændur halda því áfram búskap,“ segir Arnar Árnason, formaður LK.

Þetta var í síðasta skipti sem bændum gafst kostur á að selja greiðslumark á uppboðsmarkaði. Með breytingum á búvörulögum sem taka gildi um áramótin fara skipti á kvóta fram með innlausnarskyldu ríkisins. Þá verður verðið á mjólkurlítranum í kringum 140 krónur en í fyrradag var meðalverðið á lítranum 205 krónur.

„Árið 2019 munu bændur kjósa um það hvort haldið verði áfram með framleiðslustýringu á mjólk. Einhverjir sáu sér leik á borði að selja núna á markaðsverði og hætta að búa í stað þess að búa í tvö, þrjú ár í viðbót,“ segir Arnar. „Þetta hefur verið þróunin síðan 1986. Kúabændum hefur fækkað um tvo þriðju síðan þá. Áframhaldandi samþjöppun er fyrirséð.“ **– jóe**

> **Ég túlka þetta þannig að talsvert margir hafi verið tilbúnir til að selja ef rétt verð hefði fengist. Í sumum tilfellum fannst ekki rétt verð og þeir bændur halda því áfram búskap.**
>
> Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda

**600**

**kúabú eru á öllu landinu í dag.**

# Endurhæfingarlæknar fáir og nýliðun lítil

**Minni áhersla er lögð á endurhæfingu í dag en var fyrir 20 til 30 árum. Sérfræðimenntaðir læknar eru fáir. Nýliðun er lítil og margir hætta störfum innan tíu ára sökum aldurs. Á Reykjalund og Grensásdeild koma 1.450 sjúklingar árlega.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Endurhæfingarlæknar á Íslandi eru of fáir; aðeins um tíu talsins. Meðalaldur þeirra er hár og innan tíu ára verða margir þeirra hættir störfum á sama tíma og nýliðun er lítil og mjög fáir í sérnámi.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um er eftirspurn eftir þjónustu á endurhæfingarmiðstöð SÍBS á Reykjalundi í dag miklum mun meiri en unnt er að sinna. Á Reykjalundi bíða nú tæplega þúsund manns eftir þjónustu og biðin er allt upp í eitt ár. Ef 300 milljóna króna niðurskurður frá hruni fengist bættur væri hægt að auka þjónustu Reykjalundar til muna.

Á sama tíma er viðvarandi húsnæðisvandi og mannekla á endurhæfingardeild Landspítalans sem stendur starfseminni þar fyrir þrifum. Hugmyndir um byggingu nýrrar álmu á Grensásdeild hafa lengi verið uppi en aldrei komist á fjárlög. Þar er sálfræðiþjónustan sérstaklega illa stödd og afar knýjandi að aðstaða sjúkra-, iðju-, og talmeinaþjálfunar og tengdrar starfsemi verði bætt.

Guðrún Karlsdóttir, þáverandi formaður Félags íslenskra endurhæfingarlækna (FÍE), skrifaði grein í Læknablaðið í janúar 2015 þar sem á það var bent að læknar á Íslandi með sérfræðiréttindi í endurhæfingarlækningum væru aðeins fimmtán talsins og tíu af þeim starfandi. Áhyggjum lýsti hún af hversu meðalaldur þeirra var hár og nýliðun lítil.

Magnús Ólason, núverandi formaður FÍE sem jafnframt er framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi, segir að sennilega séu færri en tíu sem eru upphaflega sérmenntaðir í endurhæfingu, en aðrir hafi jafnvel aðra sérfræðimenntun en hafi bætt endurhæfingarlækningum við sérfræðisvið sitt síðar.

Magnús segist vona að hægt verði að halda í horfinu, en jánkar því að samband geti verið á milli þess hversu fáir læknar líti til sérfræðináms í endurhæfingarlækningum og þess fálætis sem greininni er sýnt dagsdaglega – og endurspeglast í vanda þeirra stofnana sem sinna endurhæfingu sjúkra og slasaðra.

„Við erum til dæmis að koma mun minna að kennslu læknanema heldur en var fyrir tuttugu, þrjátíu árum. Þá var meiri áhersla á endurhæfingu en er í dag.“ **svavar@frettabladid.is**



**Miklu færri en vilja komast að í endurhæfingu á Reykjalundi þegar þeir þurfa þess.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Við erum til að mynda að koma mun minna að kennslu læknanema heldur en var fyrir tuttugu, þrjátíu árum. Þá var meiri áhersla á endurhæfingu en er í dag.**



Magnús Ólason, formaður Félags íslenskra endurhæfingarlækna



Ný og glæsileg gönguskíðadeild
Veldu aðeins það besta
HEAD
FISCHER
Vetur 2016
Full búð af nýjum vörum
30% afsláttur af eldri gerðum
dagana 3.-12. nóvember
MAMMUT
SWIX
alpina
odlo
ziener
made by pros
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF




FJÖR OG **FRÁBÆR TILBOÐ**

SMÁRALIND 15

ÍSLENSKA SIA.IS SML 81623 11/16

# AFMÆLISDAGSKRÁ

## LYFTUM OKKUR SMÁ UPP



María Ólafs



Dans Brynju Péturs

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA

**KRISPY KREME LEIKURINN** - *sigurinn er sætur*

**BLÖÐRUR** - *fyrir káta krakka*

**TÖFRAMENN** - *galdra fram gleði og undrun*

**MARÍA ÓLAFS OG BIRGIR SÆVARS** - *þú mátt syngja með*

**DANS BRYNJU PÉTURS** - *dönsum inn í kvöldið*

**Lilja Sigurðsdóttir og Hildur Knútsdóttir**
lesa úr bókum sínum
kl. 18 í Penninn Eymundsson

**Pop Art sýning kl. 16–21**
**Hjalti Parelíus, Odee og Ingvar Björn**
1. hæð við hlið Te & Kaffi

# 2.–6. NÓVEMBER

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

## TÆKNI

# Misjöfn viðbrögð við MacBook Pro

**Tækniblaðamenn hafa einkar misjafnar skoðanir á nýrri fartölvu Apple. Hún er sögð kraftlítil og ekki nógu innblásin. Aðrir segja skjáinn flottan og snertislána áhugaverða. Á meðan fá nýjar tölvur Microsoft mikið lof og eru sagðar hafa stolið senunni.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



„Apple var að segja heimsbyggðinni allri að þar hefðu menn ekki hugmynd um tilgang MacBook."

Svona hljómar fyrirsögnin á einni mest lesnu grein vikunnar á skoðanagreinamiðlinum Medium. Þar skrifar Owen Williams, tækniblaðamaður hjá Charged, um nýjustu útgáfu tæknirisans Apple af fartölvunni MacBook Pro.

Fleiri tækniblaðamenn og bloggarar hafa tekið í sama streng. Greinar og fréttir sem draga fram galla tölvunnar og kynningar Apple á henni eru meðal þeirra mest lesnu á öllum stærstu tæknifréttamiðlum heims, til að mynda Cnet, Techcrunch og Verge.

**Snertislá, ekki snertiskjár**

Helsta nýjungin sem Apple kynnti á blaðamannafundi í síðustu viku var breyting á lyklaborði MacBook Pro. Í stað efstu raðar lyklaborðsins, þar sem Esc-takkinn er meðal annars, kemur snertislá. Sláin er tiltölulega mjó og nær þvert yfir tölvuna. Hún virkar eins og lítill, ílangur snertiskjár og breytast notkunarmöguleikar hennar eftir því hvaða forrit er opið hverju sinni. Til að mynda munu fjölmargir broskallar (e. emojis) birtast ef maður er að senda einhverjum skilaboð.

Auk snertislárinnar er tölvan búin betri örgjörva en fyrirrennari hennar. Hins vegar hefur vinnsluminnið ekki aukist að sama skapi. Sextán gígabæt af vinnsluminni má finna í dýrustu útgáfunni og segir Apple það gert til þess að hámarka rafhlöðuendingu, allt að tíu klukkutíma. Það þýðir hins vegar að tölvan er kraftminni fyrir vikið.

Þrátt fyrir það er hún öllu kraftmeiri en fyrri útgáfa MacBook Pro, auk þess að vera þynnri og með betri skjáupplausn.

Microsoft kynnti einnig nýja fartölvu sína, Surface Book, í síðustu viku. Útlit er fyrir að hún sé öllu kraftmeiri en hin nýja MacBook Pro. Í stað snertislárinnar er sú tölva einfaldlega með snertiskjá.

„Á meðan Microsoft leyfir þér að snerta allan skjáinn neyðir Apple þig til að líta niður á lyklaborðið. Undarlegt," skrifar einn tækniblaðamaður.

„Að horfa á plötusnúð nota snertislá á tölvunni sinni á meðan hann spilar tónlist er bara vandræðalegt," skrifar annar.

Viðbrögð við snertislánni eru þó ekki öll neikvæð. Á meðan sumir kalla hana einfalt sölubragð þá segja aðrir að hún gæti verið mjög heillandi fyrir almenna notendur.



**Snertisláin á MacBook Pro er nýjung sem fær misjafnar viðtökur.** NORDICPHOTOS/AFP



**Ný MacBook Pro í allri sinni dýrð.** NORDICPHOTOS/AFP

### Innvols dýrustu útgáfu

- 2,9 GHz fjögurra kjarna Intel Core i7 örgjörvi
- 16 GB vinnsluminni
- 2TB SSD geymsludrif
- Radeon Pro 460 4GB skjákort

Þá er hún einnig útbúin fingrafaraskanna sem eykur öryggi notenda. Skjár tölvunnar hefur einnig hlotið mikið lof fyrir skjá sinn og rafhlöðuendinguna.

**Markaðurinn ranghverfist**

Apple hefur lengi verið það tæknifyrirtæki sem höfðar umfram allt til fólks sem starfar í skapandi greinum. Á sama tíma hafa tölvur útbúnar stýrikerfum Microsoft selst betur á meðal hins almenna borgara. Nú virðist það vera að breytast.

Þetta sést einna best á auglýsingum fyrirtækjanna. Annars vegar fyrir MacBook Pro og hins vegar fyrir nýja borðtölvu Microsoft, Surface Studio. Sú er með 28 tommu snertiskjá og er sérhönnuð fyrir hönnuði og listamenn.

Kynningarmyndbandið fyrir Surface Studio sýnir listamenn nota tölvuna til að hanna byggingar, teikna myndir og svo framvegis. Á meðan heyrist rödd tala yfir kynningarmyndbandi MacBook Pro um einfaldleika tölvunnar og hversu kraftmikil hún sé.

Upphafsorð Satya Nadella, forstjóra Microsoft, hljóma mun minna eins og eitthvað sem Steve Ballmer fyrirrennari hans myndi segja og meira eins og Steve Jobs, sem stýrði Apple áður en hann lést árið 2011. „Við sem fyrirtæki stöndum með þeim sem hanna, þeim sem byggja og þeim sem skapa," sagði Nadella.

Þrátt fyrir það er því spáð að hin nýja MacBook Pro muni seljast einkar vel þar sem hún höfðar til breiðari hóps. Því er hins vegar velt upp í helstu tæknifréttaveitum hvort Microsoft sé að sölsa undir sig listamannamarkaðinn.

### Viðbrögð við nýrri MacBook Pro

**Nýja MacBook Pro drepur flestar þær innstungur sem þú munt líklegast þurfa.**
Techcrunch

**Hvers konar plötusnúður vill nota snertislána, líkt og Apple sagði til um, til þess að blanda tónlist?**
Charged

**Ég býst við því að ég kaupi ekki Mac í ár.**
Cnet

**Nýja tölvan er þynnri og hraðvirkari en sú fyrri og er með snertislá sem auðveldar manni að senda broskalla.**
Wired

**Fjarlægja fleiri innstungur**

Fyrr í haust kynnti Apple nýjan iPhone. Mikla athygli vakti að síminn er ekki búinn 3,5 mm heyrnartólainnstungu eins og flestallir símar heldur munu notendur þurfa að tengja heyrnartól sín við hleðsluinnstunguna eða nota þráðlaus heyrnartól. Apple tilkynnti einnig í vikunni að fyrirtækið myndi ekki setja sín eigin þráðlausu heyrnatól á markað eins fljótt og við var búist þar sem enn er verið að fullkomna þau.

Einnig gerir Apple breytingar á innstungum MacBook Pro. Hin sígilda segulinnstunga fyrir hleðslutæki er horfin og í stað hennar kemur USB-C hleðsluinnstunga. Þá er HDMI-innstungan, sem flestir nota til að tengja tölvu sína við sjónvarp, einnig horfin og sömuleiðis innstungan fyrir SD-minniskort, Thunderbolt 2 innstungurnar og venjulegar USB-innstungur. Í staðinn eru nú fjórar USB-C innstungur. Hins vegar er heyrnartólainnstungan á tölvunni enn til staðar, öfugt við hinn nýja iPhone.

# Snjallsíminn notaður til að stýra húsinu

**Sífellt fleiri snjalltæki koma á markað fyrir heimili. Slík tæki eiga það flest sameiginlegt að gera notendum kleift að stýra hinum ýmsu þáttum heimilis síns með snjallsímann að vopni.**



**Amazon Echo**
Vefverslunarrisinn Amazon býður upp á snjallhátalarann Echo sem er útbúinn stafræna aðstoðarmanninum Alexa. Aðstoðarmaðurinn virkar líkt og Siri sem iPhone-notendur þekkja til og kostar hátalarinn um tuttugu þúsund krónur.



**August Smart Lock**
Fyrir þá sem nýta hvert tækifæri til að týna húslyklunum sínum, eða eiga sambýlisfólk sem er gjarnt á að læsa sig úti, er hægt að kaupa snjalllás frá August. Þá getur maður opnað útidyrnar þótt maður sé hvergi nærri heimili sínu.




**Nest Learning Thermostat**
Nest býður upp á stafrænan hitastilli fyrir heimili sem hægt er að stýra úr snjallsíma.



**Lifx Color 1000**
Lifx býður upp á ljósaperur sem þú getur breytt um lit á úr snjallsímanum.




**Baby Monitor** iBaby býður upp á myndavél sem tengist beint við snjallsímann þinn svo þú getir fylgst með barninu.




## Shiseido kynning

í Hagkaup Kringlu, Garðabæ, Skeifu og Akureyri.

**Kynnum nýja varalitalínu Rouge Rogue.**
Ný Vibrant Red tækni, vinnur með litinn og pigmentin í formúlunni. Liturinn verður bæði hreinn og náttúrulegur. Kremuð formúla sem nánast bráðnar á vörunum, rennur í eitt við yfirborð varanna, léttur og þægilegur.

Ásamt Nýju Bio-Performance línunni LyftDynamic línunni sem slegið hefur í gegn. Beislar náttúrulega orku húðarinnar í baráttu við sýnileg þroskamerki hennar. Útlínur andlits styrkjast og lyftast innan frá. Endurnýjunarhæfni eykst, húðin yngist og eflist.
Unglegri, fallegri húð.

**20% afsláttur af öllum Shiseido vörum**
Vertu velkomin, fáðu faglega aðstoð og kynntu þér það nýjasta frá Shiseido. Falleg gjöf fylgir kaupum á tveimur keyptum vörum í Shiseido*.




**Ný Bio-Performance LiftDynamic lína**

**Ný Rouge Rouge varalitalína**

SHISEIDO
GINZA TOKYO

Á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



# Nærast bæði á óvinsældum hins

**Á þriðjudaginn í næstu viku lýkur hinni ógnarlöngu kosningabaráttu í Bandaríkjunum þegar loks verður gengið til kosninga. Á lokasprettinum hefur dregið mjög saman með þeim Hillary Clinton og Donald Trump. Bæði dragnast þau með haug af óvinsælum farangri.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Kosningabarátta þeirra Hillary Clinton og Donalds Trump hefur verið ein sú óvenjulegasta í sögu Bandaríkjanna. Eitt það furðulegasta er að málefnin komast varla að.

Áherslan er öll á framkomu Trumps og hinar stórkarlalegu yfirlýsingar hans, ýmist um eigið ágæti, vankanta mótherjans, og svo á misjafnlega máttlitlar tilraunir Clinton til að beina athygli kjósenda frá allri þeirri neikvæðu umfjöllun sem hellst hefur yfir hana og ekkert lát virðist á.

Clinton hefur oftast haft vinninginn í skoðanakönnunum, þótt stundum hafi dregið verulega saman á milli þeirra. Nú á lokasprettinum er munurinn aftur að minnka og er kominn undir tvö prósent.

Bæði hafa þau reyndar verið harla óvinsæl meðal almennings allan tímann meðan kosningabaráttan hefur staðið yfir. Þótt Trump eigi sína hörðu stuðningsmenn og Clinton sömuleiðis, þá mælast vinsældir þeirra beggja minni en allra frambjóðenda flokkanna tveggja síðan 1992, að minnsta kosti.

Einungis rúmlega þriðjungur aðspurðra segist mjög eða nokkuð ánægður með Clinton, eða 36 prósent, og litlu færri, eða 35 prósent, segjast ánægð með Trump, samkvæmt könnun fyrirtækisins Pew Research Center, sem sérhæfir sig í gerð skoðanakannana og lýðfræðirannsókna.

Þá kemur einnig fram hjá Pew að óvenju hátt hlutfall þeirra, sem ætla að kjósa Trump eða Clinton, segjast gera það einkum til þess að koma í veg fyrir að hinn frambjóðandinn komist til valda.

Þannig segist 51 prósent þeirra, sem ætla að kjósa Trump, einkum gera það til að koma í veg fyrir að Clinton verði forseti. Og að sama skapi segist 41 prósent þeirra, sem ætla að kjósa Clinton, einkum gera það til að koma í veg fyrir að Trump verði forseti.

Einungis 45 prósent þeirra sem ætla að kjósa Trump segjast gera það vegna þess að þeir vilji að hann verði forseti, en 57 prósent þeirra sem ætla að kjósa Hillary segjast gera það vegna þess að þeir vilji að hún verði forseti. **gudsteinn@frettabladid.is**



Kjósendur í Chicago greiða utankjörstaðaratkvæði. NORDICPHOTOS/AFP

## Óánægja kjósenda með forsetaefni flokkanna

Einungis þriðji hver kjósandi í Bandaríkjunum segist ánægður með forsetaefni flokkanna tveggja að þessu sinni, hvort sem það er Clinton eða Trump sem fyrir valinu verður. Ánægjan hefur ekki mælst jafn lítil í meira en tvo áratugi




*Skv. könnun gerðri dagana 23. ágúst til 2. september.
Spurður var 1.201 einstaklingur, þar á meðal 947 skráðir kjósendur.
Heimild: Pew Research Center Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS

## Brotalamir Clinton

Einhver hluti bandarískra kjósenda virðist hafa bitið það í sig að Hillary Clinton sé svo gjörspillt að hún eigi hvergi annars staðar heima en í fangelsi. Ekki fyrir nokkra muni megi hún verða forseti Bandaríkjanna.

**Tölvupóstarnir**
Meðan Hillary Clinton var utanríkisráðherra í ríkisstjórn Baracks Obama notaði hún persónulegan vefþjón sinn til tölvupóstssamskipta, jafnvel þegar um trúnaðarmál var að ræða. Bandaríska alríkislögreglan komst um síðir að þeirri niðurstöðu að með þessu hefði hún sýnt af sér gríðarlegt kæruleysi en taldi ekki ástæðu til að lögsækja hana fyrir stórfellt gáleysi, sem varðar við lög.

**Wall Street**
Clinton hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa of náin tengsl við auðkýfinga og stórfyrirtæki, sem hafa dælt peningum í kosningasjóði hennar. Meðan Bernie Sanders keppti við hana um útnefningu Demókrata, sagði hann þetta einn helsta ljóð á ráði hennar og Trump hefur hamrað á þessu hvenær sem færi gefst.

**Bill**
Fortíð hennar sem eiginkona Bills Clinton hefur stundum orðið henni til trafala, ekki síst þegar ásakanir um framhjáhald og kynferðisbrot hans eru rifjaðar upp. Alvarlegustu ásakanirnar snúast um að hún hafi beinlínis hótað eða gert lítið úr þeim konum sem hafa sakað Bill Clinton um að hafa brotið gegn sér.

**Utanríkismálin**
Clinton hefur verið gagnrýnd fyrir ýmis mistök í utanríkismálum, ýmist fyrir að vera of herská eða fyrir gáleysi sem átti að hafa kostað bandarískan sendiherra og starfsfólk hans lífið í Líbíu. Trump og félagar segja henni engan veginn treystandi en aðrir óttast að hún sendi bandaríska herinn fyrirhyggjulítið út í stríð.

**41%**
**kjósenda Clinton ætlar að kjósa hana til að koma í veg fyrir að Trump verði forseti.**

## Brotalamir Trumps

Þrátt fyrir töluverðar vinsældir Donalds Trump telja margir, jafnt innan sem utan Bandaríkjanna, að hann yrði gjörsamlega óhæfur forseti vegna ruddaskapar, reynslu- og þekkingarleysis.

**Kvenfyrirlitning**
Ítrekað hefur Trump viðhaft ummæli um konur sem vakið hafa reiði og hneykslun kvenna jafnt sem karla víða um heim. Hann hefur gert lítið úr konum, sagt þær feitar og subbur, kallað þær svín og hunda. Hann hefur stært sig af því að geta komist upp með að áreita konur kynferðislega. Áður en hann bauð sig fram viðurkenndi hann meira að segja að framkoma hans gagnvart konum myndi gera honum erfitt fyrir færi hann í framboð.

**Aðrir fordómar**
Trump hefur ítrekað gert lítið úr ýmsum minnihlutahópum og verið með hótanir í garð þeirra. Þar hafa múslimar orðið einna verst úti. Hann hefur hótað því að banna múslimum að koma til Bandaríkjanna, sagt að þeim sé ekki treystandi. Þá hefur hann hótað því að reka 11 milljónir innflytjenda úr landi og reisa múr á milli Bandaríkjanna og Mexíkó til að halda íbúum Suður-Ameríku sunnan landamæranna. Hann hefur hermt eftir fötluðum og móðgað stríðshetjur, svo fátt eitt sé nefnt.

**Skattarnir**
Trump hefur verið gagnrýndur fyrir að birta ekki skattupplýsingar sínar eins og aðrir frambjóðendur hafa jafnan gert. Nýlega stærði hann sig af því að hafa komið sér undan því að greiða skatta með því að fá stórfellt tap dregið frá, eins og tíðkast. Nú síðast fullyrða bandarískir fjölmiðlar að þetta hafi hann gert með svikum, því tapið sem átti að vera frádráttarbært hafi í raun ekki verið stórt tap, því að baki tapinu voru lán sem hann fékk niðurfelld.

**Rússar**
Andstæðingar Trumps hamra mjög á gagnkvæmu skjalli hans og Vladimirs Pútín Rússlandsforseta. Bæði hrifning Trumps af Pútín og meint hrifning Pútíns af Trump geri það að verkum að Trump sé vart treystandi til að fara með bandarísk utanríkismálefni.

**51%**
**kjósenda Trumps ætlar að kjósa hann til að koma í veg fyrir að Clinton verði forseti.**



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Skoðaðu
öll tilboðin
í Húsasmiðju-
blaðinu
á www.husa.is
SÚPER
JÓLATILBOÐ
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.
FROST
Samtengjanlegar
LED útiseríur
50 ljósa
Jólatilboð
2.990kr
3.990kr
25% afsláttur
Útisería 10 metra samtengjanleg • 230V
14500290-293
TRUENORTH
Barna úlpa
Barnaúlpa,
stærð 92-122,
grá, bleik eða blá.
5852801-06
5852811-16
5852821-26
5852831-40
25% afsláttur
Jólatilboð
6.742kr
8.990kr
40% afsláttur
NEO TOOLS
Jólatilboð
9.595kr
15.995kr
Topplyklasett
1/2"-1/4", 73 stk, toppar
4-27 mm, skrall, 72 tanna.
5052569
LAUFEN
Jólatilboð
12.555kr
16.745kr
Veggskál
Laufen Pro-N. Seta seld sér.
7920010
Jólastjarna
Stór og flott
Jólatilboð
1.490kr
1.990kr
blómaval
JOTUN
á betra verði
30% afsláttur
JOTUN LADY
Jólatilboð
6.297kr
8.995kr
3 ltr
Lady Pure Color 3 ltr.
Mött veggmálning.
7122045-48
20% afsláttur
JOTUN VEGG&TAK
Jólatilboð
2.396kr
2.995kr
3 ltr
Jotun vegg- og loftamálning
3 ltr.
7119781-83
Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
Jólatilboð
ÞÚ SPARAR: 17.000 KR.
59.900kr
76.900kr
Þvottavél FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690
80 fylgihlutir
27% afsláttur
BLACK+DECKER
LITHIUM
Jólatilboð
18.995kr
25.995kr
Hleðsluborvél
18V, 2 Li-ion rafhlöður, hersla 40Nm,
LED ljós, 80 fylgihlutir.
5245561
Byggjum á betra verði
www.husa.is

# Í MÚRBÚÐINNI!

## MÚRBÚÐARVERÐ

LuTool®

LuTool Pússivél 560W
m/hjámiðju snúning
**9.990**

**FYLGIHLUTIR FÁANLEGIR**

LuTool Fjölnota sög 600W fyrir málm,
við, flísar og steypu, 3 blöð fylgja
**11.990**

LuTool 12 blaða sett
**4.990**

Drive skrúfvél
Lion rafhlaða 12V
**5.990**

LuTool 7 blaða sett
**2.490**

LuTool fjölnota hjakktæki til
viðhalds - rafmagnstæki 300W.
**6.890**

LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds
- þráðlaus með 12V LioIon rafhlöðu
**7.890**

LuTool 32mm blað
í fjölnota tæki
**390**

Drive Bílskúrsryksuga
18lítra 1200W
**7.990**

Rafhlöðuborvél 2 gíra 18V
NI-CD auka rafhlaða
**11.990**

**Lavor One Plus 130 háþrýstidæla**

130 Max bar, 420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi
& Turbóstútur.
**12.890**

**Mikið úrval af upphengikrókum**

Hraðastilltur slípi-
& bónrokkur 1100W
**7.192**

Gua-543-1 vegghengdur, 1mm
stál, einnig fáanlegur
í borð kr. 15.990
**16.990**

Sha-LG218C T8 flúor-
lampi 2x18W með perum
66x10cm
**2.990**

Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm
**með perum**
**4.990**

CR Plast skolvaskur
55x34x21cm með botn-
ventli og vatnslás
**6.990**

Sha-LG228E T5 2x28W
rakaþol 120x10cm IP65
með perum
**4.790**

**Cisa blöndunartæki**
**4.990**

Gua 539-1 með veggstál-
plötu, grind fylgir, 1mm stál
**15.990**

Meister upphengi festing
**225**

Gluggaþvottakústur, gegn
um rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun
**2.390**

Kapalkefli 3FG15, 15 mtr
**3.352**

Lokað slönguhjól 20m 1/2"
**7.824**

Drive útdraganlegt
rafmagnskefli 15 metra
**9.592**

1/2" slanga 15 metra
með stút og tengjum
**1.290**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7 | Opið virka daga kl. 8 -18, lau. 10 -16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8 -18 |
| Sími 412 2500 - | sala@murbudin.is - | www.murbudin.is |

rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Betri sameinuð



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Eftir að Arnarhváll, húsnæði fjármálaráðuneytisins, var tekið í gegn þá minna vistarverurnar meira á nútímalega lögmannsstofu eða banka en skrifstofur ráðuneytis. Smekklegur, bjartur en ríkmannlegur bragur á húsnæðinu skapar þessi hughrif.

Endurbætur á húsnæðinu voru löngu tímabærar og kannski viðeigandi fyrir mikilvægasta ráðuneytið. Ríkisfjármálin eru upphaf og endir alls því ábyrg stefna í ríkisfjármálum er grunnforsenda tilvistar velferðarkerfisins. Bjarni Benediktsson sem haldið hefur um stjórnartaumana í fjármálaráðuneytinu gæti verið að fara að skipta um starfsvettvang. Flokkur hans fékk tæp 30 prósent í alþingiskosningunum þrátt fyrir klofningsframboð. Það var rétt ákvörðun hjá forseta Íslands að afhenda Bjarna fyrstum umboð til að mynda nýja ríkisstjórn. Stóra spurningin er, hvernig ætlar Bjarni að sætta þau 59 prósent þjóðarinnar sem kusu ekki ríkisstjórnarflokkana? Hvernig ætlar hann að sameina þjóðina og vera leiðtogi hennar allrar en ekki bara forsætisráðherra þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn?

Bjarni hefur sjálfur talað um mikilvægi þess að mynda ríkisstjórn sem hefur sterkan meirihluta. Í þessu ljósi verður ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar að teljast ósennileg þar sem einn þingmaður hefur líf hennar í hendi sér. Ef Framsókn verður tekin með inn í þetta faðmlag blasir við að forystumenn Viðreisnar og Bjartrar framtíðar verða gagnrýndir fyrir istöðuleysi. Í þessu ljósi er formanni Sjálfstæðisflokksins vandi á höndum. Vera kann að hann verði hreinlega að skilja Framsókn eftir í stjórnarandstöðu til að skapa nauðsynlega sátt í samfélaginu. Þá verður hann að reyna til þrautar að mynda 3-4 flokka ríkisstjórn með þátttöku Vinstri grænna.

Enginn ágreiningur er um stærstu og mikilvægustu málin. Með niðurgreiðslu skulda og lækkun á vaxtabyrði ríkissjóðs skapast svigrúm til aukinna útgjalda til heilbrigðismála. Þá þarf að fjárfesta í vegakerfinu og hækka útgjöld í þeim málaflokki í 1,5-2 prósent af vergri landsframleiðslu en á undanförnum árum hefur þetta hlutfall verið 0,8 prósent eins og ástand vega landsins er til vitnis um. Atvinnuvegir eins og sjávarútvegur og ferðaþjónusta þurfa að fá að blómstra áfram og skapa verðmæti fyrir íslenskt samfélag án inngripa ríkisvaldsins. Á sama tíma þarf endurgjaldið fyrir auðlindanýtinguna að endurspegla væntingar almennings.

Kjósendur hljóta að gera þá kröfu til formanns Sjálfstæðisflokksins að hann standi undir traustinu. Að hann hafi pólitískt innsæi og dómgreind til að mynda starfhæfa ríkisstjórn með breiðri skírskotun. Leiðsögn úr leiðara þessa blaðs hrekkur þá skammt enda ber formaður Sjálfstæðisflokksins væntingar tugþúsunda á herðum sér.

Næst þegar Bjarni Benediktsson situr inni á bjartri og fallegri skrifstofu sinni í Arnarhváli ætti hann að skrifa eftirfarandi niður á blað: Hvernig get ég orðið forsætisráðherra þeirra 59 prósenta þjóðarinnar sem kusu ekki ríkisstjórnarflokkana tvo? Þegar hann veit svarið og það byggist á vel ígrunduðum rökum og staðreyndum, verður ástæða til enn meiri bjartsýni í íslensku samfélagi.

**Kjósendur hljóta að gera þá kröfu til formanns Sjálfstæðisflokksins að hann standi undir traustinu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Vel tímasett skýrsla**

Í byrjun vikunnar kynnti Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, skýrslu um rekstur spítalans. Það þarf kannski ekki að koma á óvart að megininntakið í skýrslunni er að spítalinn þarf langtum meira fjármagn en hann fær í dag. Skýrslan hefði ef til vill verið ágætis innlegg í umræðuna fyrir alþingiskosningar. En eflaust er það ekki mikið verri tímasetning fyrir spítalann að birta skýrsluna tveimur dögum eftir kosningar. Hún getur núna verið innlegg í stjórnarmyndunarviðræðurnar sem fara í hönd. Og þannig hafa talsmenn spítalans vísast hugsað málin.

**Ákvörðun verði breytt**

Sú ákvörðun kjararáðs að skammta kjörnum fulltrúum þjóðarinnar ríflega launahækkun um liðna helgi kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Bæði fræðimenn og leikmenn klóra sér í hausnum, enda hækkunin umfram hækkun almennra launa. Formanni Sjálfstæðisflokksins, sem varð tíðrætt um stöðugleika í aðdraganda kosninga, er ekki stætt á öðru en að leggja til við Alþingi að ákvörðuninni verði snúið við. Það hljómar kannski eins og gömul tugga að láglaunafólkið og öryrkjarnir geti ekki einir borið ábyrgð á stöðugleikanum. En í þessu tilfelli á hún einfaldlega við. Launaþróun stjórnmálamanna verður að taka mið af því sem gerist á markaðnum.

**jonhakon@frettabladid.is**

## Viðsnúningur í rekstri



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Reykjavík er borg í örum vexti. Metár eru framundan í byggingu íbúða, atvinnustig hefur sjaldan verið jafn hátt og atvinnulífið sækir fram á fjölbreyttum sviðum ferðaþjónustu, þekkingariðnaðar og skapandi greina. Undanfarin ár hafa einkennst af umtalsverðum launahækkunum hjá sveitarfélögum en tekjur hafa hækkað hægar. Fjármál borgarinnar hafa því verið í járnum. Með sameiginlegu átaki, aðhaldi og hagræðingu, samhliða ákveðnum tekjuvexti, hefur nú tekist að leggja fram fjárhagsáætlun með afgangi án þess að hækka skatta. Það svigrúm sem hefur orðið til vegna rekstrarbatans verður nýtt til að hefja nýja sókn í skólamálum, fjölga búsetuúrræðum og til að bæta velferðarþjónustu í takt við auknar þjónustukröfur. Þannig er forgangsraðað í þágu grunnþjónustu.

Í fjárfestingu ætlar borgin að sækja fram með rúma 14 milljarða til áframhaldandi uppbyggingar í Úlfarsárdal þar sem grunnskóli, menningarmiðstöð, bókasafn, sundlaug og íþróttaaðstaða rís. Skólarnir eru áberandi í fjárfestingaáætluninni þar sem við gerum ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við viðbyggingar við Klettaskóla og Vesturbæjarskóla auk aukins viðhalds og þess að taka skólalóðirnar í borginni í gegn fyrir um 300 milljónir. Samhliða þessu verður farið í átak í malbikun gatna til að vinna upp niðurskurð Sjálfstæðisflokksins eftir hrun. Uppbygging íbúða í Reykjavík verður sífellt áþreifanlegri og umtalsverðir fjármunir fara í að styðja við þá uppbyggingu og styðja við þá leigjendur sem standa verst með sérstökum húsnæðisstuðningi. Samanlagt eru framlög Reykjavíkurborgar til húsnæðismála 3,6 milljarðar á næsta ári en á næstu fimm árum um 21 milljarður, sem á sér ekki hliðstæðu í sögu borgarinnar.

Viðsnúningur í rekstri Reykjavíkurborgar er ekki síst verk öflugs starfsfólks og stjórnenda sem ég vil færa bestu þakkir. Mikilvægt er að starfsemin njóti líka afrakstursins, því víða er kallað eftir auknum fjármunum. Með skipulögðum vinnubrögðum og aga hefur tekist að tryggja traustan rekstur og í honum felast sóknarfæri til vaxtar og uppbyggingar. Borgin mun á næstu árum halda áfram að fjárfesta í menntun, velferð, öflugum innviðum og umfangsmikilli húsnæðisuppbyggingu um leið og ljóst er að áfram þarf að halda vel á spöðunum.

**Viðsnúningur í rekstri Reykjavíkurborgar er ekki síst verk öflugs starfsfólks og stjórnenda.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Sara McMahon sara@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Fjögur sæti í forgjöf

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Fráfarandi stjórnarandstöðuflokkar fengu samtals 43% atkvæða í alþingiskosningunum um daginn og 43% þingsæta (27 af 63). Það er eins og vera ber. Fráfarandi stjórnarflokkar fengu samtals 40% atkvæða og 46% þingsæta (29 af 63). Það er ranglátt.

Ranglætið hefst af því að halda áfram að kjósa eftir kosningalögum sem 2/3 hlutar kjósenda höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá 2012. Þar lýstu 2/3 hlutar kjósenda stuðningi við nýtt stjórnarskrárákvæði um jafnt vægi atkvæða, en þeir höfðu aldrei fyrr í sögu landsins fengið færi á að svara þeirri spurningu beint og milliliðalaust.

Hér er hún lifandi komin ein helzta skýringin á því hvers vegna fráfarandi ríkisstjórnarflokkar, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn, vilja halda í misvægi atkvæðisréttarins og gleyma nýju stjórnarskránni. Vandinn er ekki bundinn við Framsókn eins og sumir sjálfstæðismenn og aðrir virðast halda. Þessir tveir flokkar fá nú fjögur þingsæti í forgjöf skv. gildandi kosningalögum séu dauð atkvæði Flokks fólksins, Dögunar o.fl. talin með atkvæðum andstæðinga fráfarandi stjórnarflokka. Sjálfstæðisflokkurinn fær 33% þingsætanna (21 af 63) út á 29% fylgi sem ætti að réttu lagi að skila 18 þingsætum. Framsókn fær 13% þingsætanna (8 af 63) út á 11,5% fylgi sem ætti að réttu lagi að skila sjö þingsætum. Þetta gerir fjögur sæti í forgjöf samanlagt.

**Jafnt vægi atkvæða er eitt brýnasta hagsmunamál Íslendinga.**

### Tvöföld slagsíða

Þeir sem hafa undirtökin á Alþingi hafa sett landinu kosningalög handa sjálfum sér. Þeir hafa tryggt sér tvöfaldan ávinning. Enn í dag er tvöfaldur munur á vægi atkvæða sunnan og norðan Hvalfjarðarganga. Við bætist að reikningsreglan sem notuð er til að útdeila þingsætum hyglar stórum flokkum á kostnað minni flokka. Þessi regla, kennd við belgíska lögfræðinginn Victor d'Hondt, hefur jafnan sveigt úthlutun þingsæta í þágu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og þannig lagzt ofan á misvægi atkvæða eftir búsetu eins og ég lýsti í bók minni Tveir heimar (2005, bls. 215-223).

Skoðum tölur. Frá 1995 hafa Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn fengið að jafnaði rösklega tvö þingsæti í forgjöf í kosningum til Alþingis. Þetta er auðvelt að reikna með því að bera saman kjörfylgi og þingstyrk þessara flokka. Þessir tveir flokkar fengu tvö sæti í forgjöf 1995, tæplega eitt sæti 1999, tæp tvö 2003 og 2007, tæpt eitt 2009 (þá var Samfylkingin næststærsti flokkurinn, ekki Framsókn), sex sæti 2013 og fjögur 2016. Forgjöfin ræðst í breytilegum hlutföllum af misvægi atkvæða, hlutdrægni úthlutunarreglunnar í þágu stórra flokka og 5% þröskuldinum, þ.e. kröfunni um 5% lágmarksfylgi á landsvísu, sem bitnar einnig á litlum flokkum.

Í kosningunum 2013 fengu Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn 51% atkvæða og 60% þingsæta (38 af 63). Að réttu lagi hefði 51% fylgi átt að veita þeim 51% þingsæta (32 af 63) ef við hugsum okkur að dauð atkvæði (12% af heildinni) hefðu ella verið greidd andstæðingum þessara flokka. Sem sagt: sex sæta forgjöf. Hefðu þessir flokkar treyst sér til að mynda ríkisstjórn 2013 með 32 þingmenn í sínum röðum frekar en 38? Hefði slík stjórn þraukað fram yfir Panama-hneykslið í vor leið? Hver veit?

Líku máli gegnir um kosningarnar um daginn. Þar fengu Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Björt framtíð samtals 47% atkvæða og 51% þingsæta (32 af 63). Þessir flokkar hugleiða nú myndun meirihlutastjórnar á Alþingi með minni hluta kjósenda að baki sér.

### „Vægi atkvæða verði jafnt“

Jafnt vægi atkvæða er eitt brýnasta hagsmunamál Íslendinga og hefur svo verið allar götur síðan Brynjólfur Pétursson lögfræðingur, einn Fjölnismanna, mælti fyrstur fyrir jöfnum atkvæðisrétti 1849. Hannes Hafstein ráðherra 1904-1909 varaði við afleiðingum ójafns atkvæðisréttar. Æ síðan hafa verið uppi háværar kröfur um nauðsyn þess að jafna atkvæðisréttinn, síðast á þjóðfundinum 2010 og í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Í ályktun þjóðfundarins 2010 segir: „Vægi atkvæða verði jafnt.“ Takið eftir: Ekki jafnara, heldur jafnt.

Alþingi hefur lagfært kosningalögin smám saman, t.d. 1942 og 1959, en þó aðeins að hluta. Misvægi atkvæðisréttarins hefur kallað óheilbrigða slagsíðu yfir lögin og landsstjórnina þar eð það felur í sér frávik frá lýðræði og mylur undir þá sem sitja að völdum með fá atkvæði að baki sér, iðulega í óþökk kjósenda. Misvægið grefur undan trausti og þá um leið undan velferð fólksins í landinu.

### Mannréttindakrafa

Krafan um jafnt vægi atkvæða er mannréttindakrafa. Erlendir kosningaeftirlitsmenn hafa mörg undangengin ár mælt með löngu tímabærum leiðréttingum á kjördæmaskipaninni með skírskotun til algildra mannréttinda. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) sem sinnir m.a. kosningaeftirliti í álfunni telur af jafnréttisástæðum að misvægi atkvæða skuli ekki vera meira en 10% og alls ekki meira en 15% nema sérstaklega standi á. Þar eð nú hafa verið haldnar tvennar alþingiskosningar eftir lögum sem kjósendur höfnuðu afdráttarlaust 2012 gæti Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna þurft að láta málið til sín taka ef nýtt Alþingi lætur undir höfuð leggjast að staðfesta nýju stjórnarskrána. Þetta stafar af því að tvö af mikilvægustu ákvæðum frumvarpsins, kosningaákvæðið og ákvæðið um auðlindir í þjóðareigu, varða mannréttindi. Alþingi getur ekki verið þekkt fyrir að halda áfram að hindra framgang alþjóðlega viðurkenndra mannréttinda. Alþjóðasamfélagið lítur slík brot alvarlegri augum nú en áður.

# Að útiloka samstarf við hinn og þennan



Hafsteinn Þór Hauksson
lögfræðingur

**Stjórnmálaleiðtogar ættu því að mínu mati almennt ekki að útiloka fyrirfram samvinnu við aðra stjórnmálaflokka.**

Í aðdraganda nýafstaðinna þingkosninganna lýstu leiðtogar nokkurra stjórnmálaflokka því yfir að þeir „útilokuðu samstarf“ við aðra nánar tilgreinda flokka. Í þessu fólst að þeir myndu ekki taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi með viðkomandi. Þannig útilokaði formaður Viðreisnar, Benedikt Jóhannesson, samstarf við núverandi ríkisstjórnarflokka í sameiningu (þótt hann útilokaði ekki samstarf við annan hvorn þeirra). Birgitta Jónsdóttir, umboðsmaður Pírata, útilokaði samstarf við báða stjórnarflokkana, hvort sem var saman eða hvorn í sínu lagi. Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, svo gott sem útilokaði samstarf við Sjálfstæðisflokkinn, Bjarni Benediktsson, formaður þess síðastnefnda, við Pírata og svo mætti halda áfram. Fréttamenn og stjórnmálafræðingar sátu svo sveittir við að greina möguleika á stjórnarmyndun í allri flækjunni.

Að endingu stendur og fellur stjórnskipun ríkja með þátttöku borgaranna og handhafa opinbers valds í gangverki hennar. Eða hvað gerist t.d. ef enginn kýs í lýðræðislegum kosningum? Eða ef enginn býður sig fram til þings? Eða ef Hæstiréttur Íslands neitar einfaldlega að dæma í málum sem réttilega eru fyrir hann lögð? Einfalda og stutta svarið við þeirri spurningu er að þá brestur stjórnskipulag okkar.

Stjórnskipun Íslands, einkum kosningakerfið, leiðir til þess að ríkisstjórn á hverjum tíma þarf að njóta stuðnings ólíkra stjórnmálaflokka. Þessu er öðruvísi farið í ýmsum öðrum þekktum stjórnskipunum, svo sem í Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem einn flokkur fær jafnan stjórnartaumana í sínar hendur. Þetta þýðir að fulltrúar ólíkra flokka á Alþingi þurfa í kjölfar kosninga að axla þá ábyrgð að finna samstarfsfleti með öðrum flokkum, gera málamiðlanir og stuðla saman að pólitískum stöðugleika. Engu skiptir hversu hart hefur verið tekist á í fortíðinni. Með þessu er ekki sagt að kosningabaráttan sé eintómt leikrit og blekking. Öðru nær. Samningsstaða flokka og möguleikar þeirra á að knýja fram baráttumál sín er auðvitað í samræmi við úrslit kosninganna.

Stjórnmálaleiðtogar ættu því að mínu mati almennt ekki að útiloka fyrirfram samvinnu við aðra stjórnmálaflokka, án tillits til kosningaúrslita, nema í algerum undantekningartilfellum. Vel má fallast á að samstarf sé fyrirfram útilokað við fasíska eða kommúníska flokka, enda er slíkum flokkum beinlínis beint gegn því opna, lýðræðislega þjóðskipulagi sem við búum við. Og auðvitað er eðlilegt að menn reyni fyrst að mynda stjórn með þeim sem næst standa málefnalega. Það er hins vegar einfaldlega ekki í anda stjórnskipunar okkar að slá um sig með yfirlýsingum um að ekki komi til greina að vinna með þessum og hinum lýðræðislegum stjórnmálasamtökum, sem þó eru kjörin til áhrifa af almenningi. Ef staðið er við slíkar yfirlýsingar aukast enda líkurnar á því að stjórnskipun okkar sigli í strand. Og ef ekki er staðið við þær er grafið undan tiltrú almennings á þeim sem yfirlýsinguna gaf. Það er því væntanlega farsælast fyrir alla, þ. á m. stjórnmálamennina sjálfa, að stíga varlega til jarðar og standa undir þeirri ábyrgð sem þeim er falin.




KRÓNAN
- 25%
999 kr. pk.
Verð áður 1349 kr. pk.
Bláber fata 300g, Suður-Afríka
Ferskt alla daga
399 kr. pk.
Klementínur 950g, Spánn
Gott verð!
799 kr. pk.
Klementínur 2,3 kg, Spánn
Clementinen
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 6. NÓVEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

# Kjötmeistari Krónunnar mælir með...

**Gott verð!**

## Kindagúllas
**1199 kr. kg**
Verð áður ~~1599~~ kr. kg

**-30%**

## Kindasnitsel
**1199 kr. kg**
Verð áður ~~1599~~ kr. kg

**-20%**

## Kindainnanlærisvöðvi
**1599 kr. kg**
Verð áður ~~1999~~ kr. kg

## Kindafile
**2159 kr. kg**
Verð áður ~~2699~~ kr. kg

**Gott verð!**

## Íslenskt lambalæri
**1399 kr. kg**

**-20%**

## Kindalundir
**2159 kr. kg**
Verð áður ~~2699~~ kr. kg

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 6. NÓVEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
-25%
Gott verð!
779 kr. pk.
Verð áður 1049 kr. pk.
Fífa klósettpappír, 12 rúllur í pakka
Dettur þú í lukkupottinn?
-21%
359 kr. stk.
Verð áður 459 kr. stk.
Harpic Max Kalkfjernir, 750 ml
-20%
-25%
Gott verð!
374 kr. stk.
Verð áður 499 kr. stk.
Ajax Kitchen & Grease Spray og Shower Power spray, 750ml
1499 kr. pk.
Verð áður 1899 kr. pk.
Finish Quantum Lemon töflur, 45 stk.
279 kr. pk.
Verð áður 349 kr. pk.
Þrif heimilisklútar með sítrónuilmi, 60 stk.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 6. NÓVEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

Ódýrt

Ódýrt

1,5 lítri




**First Price appelsínusafi - 1,5 L**

# 189 kr. stk.

**First Price eplasafi - 1,5 L**

# 149 kr. stk.

Ódýrt




VEGAN

ÁN LAKTÓSA

Tvær saman 698.-

Þú sparar 100.-

**Alpro sojajógúrt - Bláberja og kókos - 750ml**

# 399 kr. stk.

Ódýrt




**First Price múslí - 1 kg**

# 289 kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# Rannsóknir fyrir raunverulegt val



**Jóhanna María Sigmundsdóttir**
þingmaður Framsóknarflokksins

> **Hvað með öll þessi skaðlegu efni sem er að finna t.d. í plastílátum sem við geymum matvæli í? Eigum við ekki rétt á að fá að vita hvað er að finna í þeim? Það er ákveðin hætta sem fólki stafar af þessum efnum í neysluvörunni og meira að segja neysluvörum sem við nýtum á hverjum einasta degi.**

Skaðsemi þalata hefur verið þekkt um áratugaskeið. Þó svo að við horfum kannski fyrst og fremst á notkun þalata í einstaka hlutum þá er ekki gerð krafa um innihaldslýsingu eða hættumerkingar á þeim. Með því að nota ekki merkingar þá er neytandanum ekki gefið raunverulegt val um hvort hann vilji taka áhættuna á því að nota vöruna eða ekki.

Samkvæmt lögum getur neytandi kallað eftir upplýsingum og hefur seljandinn 45 daga frest til þess að gefa þær upp. Eina leiðin til að hafa eftirlit með þessu er að efnagreina vöruna til að sannreyna hvort hún innihaldi þalöt. Slíkar greiningar eru mjög kostnaðarsamar, því hefur ekki verið ráðist í þær hér á landi. Þetta tel ég vera mjög alvarlegt, sér í lagi vegna þess að hlutur netverslunar á markaðinum fer vaxandi, þ.e. verslun við lönd þar sem talið er að notkun sé meiri á kemískum efnum og ódýrari í stað þeirra sem búið er að prófa enda er kostnaðurinn vegna náttúrulegu og vottuðu efnanna svo mikill við það eftirlit sem þarf. Umhverfisstofnun fylgist með tilkynningum um ólöglegar vörur á evrópskum markaði og niðurstöðum og markaðskönnunum í nágrannalöndum okkar. Þrátt fyrir það er ekki endilega staðfest að þær komi frá nákvæmlega sömu aðilum og verið er að versla við í gegnum netverslun.

Því miður er löggjöf á þessu sviði meira sniðin að hagsmunum framleiðenda, miklu meira en hagsmunum almennings og neytenda. Myndi það teljast æskilegt að Umhverfisstofnun tæki það að sér öðru hverju að láta efnagreina vörur til að ganga úr skugga um að þær uppfylltu kröfur sem til þeirra eru gerðar. Ég tel að við séum svolítið að kasta þeim möguleika á glæ með því að ákveða að þetta sé allt of kostnaðarsamt. Við höfum ekki einu sinni athugað hvort hægt væri að gera einhverjar stikkprufur.

Skaðsemi ákveðinna þalata er þekkt, þau geta t.d. haft áhrif á frjósemi manna. Þá eru fóstur og nýfædd börn viðkvæmust fyrir þessum efnum, þau hafa fundist í naghringjum, snuðum, pelum, brjóstapumpum og fleiru sem notað er í kringum börn og við umönnun ungbarna. Ég tel því að þetta sé ekki málefni til þess að gera lítið úr eða reyna að gantast með. Þessi efni eru þrávirk og safnast upp í líkama okkar.

### Hver er áhættan?

Varðandi 45 daga frest framleiðandans til að svara því hvort varan geti verið skaðleg þá er í rauninni óboðlegt að neytandinn þurfi annaðhvort að ákveða að kaupa vöruna og bíða þá í von og óvon um að heyra hvort hún geti valdið honum einhverjum skaða, eða að sleppa því að kaupa vöruna og reyna að leita eitthvert annað eða fara í flóknara ferli. Við erum í rauninni að ýta þessu á undan okkur, rannsóknarvinnan fer ekki fram fyrr en eftir á og bara ef einhver sækist eftir því. Í dag á eftir að rannsaka þúsundir efna. Sjálfri finnst mér góð regla að ef ég þekki ekki tvö eða fleiri innihaldsefni í matvælum sem ég hugsa mér að kaupa, þá sleppi ég því að kaupa þau. Hvað með öll þessi skaðlegu efni sem er að finna t.d. í plastílátum sem við geymum matvæli í? Eigum við ekki rétt á að fá að vita hvað er að finna í þeim? Það er ákveðin hætta sem fólki stafar af þessum efnum í neysluvörunni og meira að segja neysluvörum sem við nýtum á hverjum einasta degi.

Það eru nokkrir greinanlegir sjúkdómar sem hægt hefur verið að tengja við þalöt, krabbamein, ofnæmi og ófrjósemi svo dæmi séu tekin. En hvað með alla þá sjúkdóma og einkenni sem við tengjum efnin ekki við eða finnast ekki við einfaldar rannsóknir? Veldur þessi sparnaður þá kannski því að einhverjir einstaklingar í samfélaginu lifa mögulega við skert lífsgæði vegna óafvitandi nálægðar við þessi efni eða neyslu á þeim? Sá kostnaður kemur þá bara í bakið á ríkinu síðar meir. Við ættum frekar að leggjast í rannsóknir, fyrirbyggjandi aðgerðir.

Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa staðið sig vel í þessum málum, þar gerir fólk sér fyllilega grein fyrir þeim áhrifum sem þessi efni geta haft og tengja þau því ekki aðeins við umhverfismál heldur einnig velferðarmál. Við skulum ekki vera eina Norðurlandaþjóðin sem gerir lítið úr skaðsemi þessara efna.

# Sjálfbær þróun – hvert er ferðalaginu heitið?



**Sandra Rán Ásgrímsdóttir**
verkfræðingur

Vitundarvakning hefur átt sér stað í samfélaginu varðandi þau áhrif sem nútímalifnaðarhættir hafa á umhverfið og mörg góð skref hafa verið stigin í rétta átt til að takmarka þau. Öll viljum við að sjálfsögðu ná settum markmiðum en við Íslendingar eigum það þó til að vera stórtæk í orðum en fylgja þeim takmarkað eftir með verkum. Oft getur nefnilega verið erfitt að líta í eigin barm og sjá hverju þarf að breyta, auðveldara að fela sig bak við gnægð af endurnýjanlegri orku og halda því fram að þar með sé takmarkinu náð. Það er þó ljóst að vistspor hins almenna Íslendings er með þeim stærri í heiminum og því töluvert sem má bæta.

### Ábyrgð verkfræðinnar

Verkfræðin hefur í gegnum tíðina skapað mikið af þeim þægindum sem við vildum ekki vera án í dag. Hún hefur á sama hátt valdið mörgum af okkar stærstu umhverfisvandamálum s.s. mengun lofts og lagar og ágangi á náttúruauðlindir. Lögð hefur verið áhersla á tæknilegar úrlausnir en hugsað minna út í möguleg áhrif þeirra á umhverfi okkar til framtíðar. Í dag er það orðið nokkuð ljóst að til þess að hægt sé að tryggja velferð til framtíðar þurfum við að þróast innan þolmarka náttúrunnar. Þó svo að áskorunin sé þverfagleg þá mun verkfræðin eiga stóran þátt í þessari þróun.

Vitundarvakning um ábyrgð verkfræðinga er víða komin lengra á veg en hérlendis. Víða erlendis er boðið upp á námsgráður sem byggja á sjálfbærri þróun og margar verkfræðideildir hafa innleitt áfanga byggða á þeirri hugmyndafræði inn í sitt grunnnám. Fjöldi verkfræðistofa hefur áttað sig á auknum kröfum um góða frammistöðu í umhverfismálum og ráðnir hafa verið sérstakir ráðgjafar á sviði sjálfbærrar þróunar. Hérlendis er þó enn töluvert í land þar sem skilningur á hugtakinu og viljinn til breytinga er ekki almennur.

### Stefnum á að gera betur

Það er ekkert því til fyrirstöðu að við Íslendingar stöndum jafnfætis nágrönnum okkar, eða framar, þegar kemur að umhverfismálum og uppbyggingu sem byggist á sjálfbærni. Til þess að úr því verði þurfa þó verkfræðingar að aðlaga sig því að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við tæknilegar úrlausnir. Stór þáttur í að ná fram breytingum er hugarfarsbreyting, bæði verkfræðinga og annarra, að hugsað sé út fyrir rammann í hverju verkefni og litið á heildarmyndina. Slík hugarfarsbreyting krefst þjálfunar og þverfaglegrar samvinnu en ekki síst vitundarvakningar. Verkfræðin mun gegna mikilvægu hlutverki í að skapa framtíð sem gerir okkur kleift að lifa við þau þægindi sem við lifum við í dag án þess að hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

### Árangur krefst samvinnu

Vitundarvakning um mikilvægi sjálfbærrar þróunar hefur átt sér stað í samfélaginu og margt gott verið gert en með nokkrum skrefum til viðbótar er mögulegt að ná enn meiri árangri. Jafnvel þótt hægt væri að skrifa langan lista um þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað innan verkfræðinnar er ljóst að verkfræðingar munu ekki takast einir á við þetta verkefni. Til þess að árangur náist þarf að vera til staðar skýr stefnumótun á þessu sviði og eftirfylgni frá stjórnvöldum ásamt samstarfi við atvinnulífið og framkvæmdaaðila. Framfarir í umhverfismálum eru nefnilega samstarfsverkefni og sjálfbær þróun er ferðalag en ekki endastöð. Við þurfum stöðugt að bæta okkur og gera betur, takmarka neikvæð áhrif og stefna að því að verk okkar skili ábata fyrir umhverfi og samfélag en valdi ekki skaða.

# Tíu mál sem ættu heima í stjórnarsáttmála



**Ólafur Stephensen**
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



> **Kröfurnar um aukin útgjöld á þeim sviðum eru háværar, en stjórnmálamennirnir mega ekki gleyma hvaðan peningarnir til góðra verka koma.**

Fyrir nýliðnar kosningar settu flestir flokkar fram stefnu um öflugt atvinnulíf, þótt talsverður munur væri á því hvernig hún var útfærð. Það er að sjálfsögðu talsverður áherzlumunur á milli flokkanna um það hvernig þeir vilja nálgast það verkefni eins og önnur.

Hins vegar eru ýmis mál sem skipta atvinnulífið miklu og auðvelt ætti að vera að ná pólitískri samstöðu um, nánast sama hvaða flokkar mynda ríkisstjórn. Það þarf bara að muna eftir þeim og halda þeim til haga nú þegar stefna næstu fjögurra ára verður lögð upp í stjórnarmyndunarviðræðum.

Stjórn Félags atvinnurekenda hefur því sett á blað tíu atriði, sem myndu bæta hag fyrirtækjanna í landinu, ekki síst þeirra minni og meðalstóru, sem oft eru í erfiðri samkeppnisstöðu gagnvart stærri aðilum.

- Aðhald og ábyrgð í ríkisfjármálum til að styðja við peningamálastefnu Seðlabankans. Stöðugleiki, þar sem verðbólgumarkmið nást og vextir halda áfram að lækka, er stærsta hagsmunamál fyrirtækjanna.
- Átak verði gert í því að einfalda regluverk atvinnulífsins og hrinda í framkvæmd áformum um að tilkynningaskylda fyrirtækja komi í stað flókinna og dýrra leyfisveitinga. Sett verði regla um að við innleiðingu Evrópureglna í íslenska löggjöf verði engum íþyngjandi reglum fyrir atvinnulífið bætt við nema með sérstökum rökstuðningi.
- Búvörusamningar verði endurskoðaðir í breiðri sátt bænda, neytenda og atvinnulífs. Stuðningskerfi landbúnaðarins verði breytt og tollar lækkaðir í samræmi við tillögur Samráðsvettvangs um aukna hagsæld.
- Leitað verði leiða til að tryggja aðgengi fiskvinnslu án kvóta eða eigin útgerðar að hráefni til vinnslu. Stefna ætti að afnámi tvöfaldrar verðmyndunar í sjávarútvegi, meðal annars með því að lögfesta milliverðlagningarreglur um innri viðskipti lóðrétt samþættra útgerðar- og vinnslufyrirtækja.
- Haldið verði áfram að lækka tryggingagjald fyrirtækja í áföngum.
- Eftirlitsgjöld sem ríkið leggur á fyrirtæki verði tekin til heildarendurskoðunar. Gjaldtakan af hverju fyrirtæki fyrir sig endurspegli raunkostnað við eftirlitið sem að því beinist.
- Gert verði átak í því að ríkisstofnanir fari að lögum um opinber innkaup og bjóði út kaup á vörum og þjónustu.
- Stjórnvöld fari að tilmælum Samkeppniseftirlitsins um að afnema samkeppnishömlur, til dæmis í landbúnaði, sjávarútvegi og millilandaflugi. Samkeppniseftirlitið verði eflt. Tekið verði upp samkeppnismat að tillögu OECD.
- Hömlur verði settar á samkeppni ríkisfyrirtækja á borð við Isavia og Íslandspóst við einkarekin fyrirtæki.
- Átak verði gert í gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki, ýmist tvíhliða eða á vettvangi EFTA.

Öll þessi mál ættu heima í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Formaður FA hefur sent öllum flokkunum á þingi bréf til að vekja athygli á þeim. Í mörg þeirra var almennt vel tekið á opnum fundum FA með frambjóðendum fyrir kosningarnar.

Allar þessar tillögur stuðla að því að efla verðmætasköpun atvinnulífsins, sem stendur undir kostnaði ríkisins við löggæzlu, menntakerfi og heilbrigðisþjónustu, svo dæmi séu tekin. Kröfurnar um aukin útgjöld á þeim sviðum eru háværar, en stjórnmálamennirnir mega ekki gleyma hvaðan peningarnir til góðra verka koma. Hagsmunum fyrirtækjanna þarf að halda til haga þegar flokkarnir ná saman um samstarfsgrundvöll.


4BLS KIPPA ÚT :)
HITUM UPP FYRIR JÓLIN
ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS*
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Í nóvember fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 405kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
PlayStation VR
Upplifðu framtíðina með Playstation VR sýndarveruleikagleraugum, einstök upplifun þar sem þú ert í þínum eigin sýndarveruleikaheimi.
69.990
VERÐ ÁÐUR 79.990
VIVE
149.990
VERÐ ÁÐUR 179.990
oculus
129.990
ÓTRÚLEGT VERÐ!
FREEFLY VR
9.990
FYRIR FLESTA SNJALLSÍMA
VR HERBERGI Á NEÐRI HÆÐINNI KOMDU AÐ PRÓFA:)
NÝ KYNSLÓÐ ÖFLUGRI, ÞYNNRI OG LÉTTARI
PS4 STÝRIPINNI FYLGIR
500GB PS4SLIM
Ný og endurhönnuð slim útgáfa af Playstation vélinni frá Sony. Vinsælasta leikjatölva í heimi!
49.990
1TB AÐEINS 59.990
XBOX STÝRIPINNI FYLGIR
FIFA17 LEIKURINN FYLGIR
XBOX ONE
500GB XBOX ONE S
Ný og öflugri kynslóð Xbox One með stuðningi fyrir 4K UHD afspilun og einstaka HDR litadýpt.
59.990
1TB MEÐ BATTLEFIELD 1 69.990
SHIELD STÝRIPINNI FYLGIR
NVIDIA
NVIDIA SHIELD
Breyttu sjónvarpinu í öflugt 4K Android snjallsjónvarp með Nvidia Shield. Spilaðu kvikmyndir, tónlist og leiki :)
39.990
STREYMDU LEIKJUM Í SJÓNVARPIÐ
TÖLVUTEK
3. NÓVEMBER 2016 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL • Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# SKARTIÐ HEILLAR

Keramikerinn **Embla Sigurgeirsdóttir** nostrar við hvern hlut sem hún gerir en hún hóf nýlega gerð fínlegra skartgripa úr postulíni.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Þann 20. september 2016 var samþykkt á Alþingi að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í samningnum er kveðið á um að öllum beri réttur til samskipta á hvaða formi sem þau eru. Samkvæmt skilgreiningu ISAAC, alþjóðasamtaka um óhefðbundin tjáskipti, þá „eru óhefðbundin tjáskipti tæki og aðferðir sem einstaklingur notar til að leysa áskoranir í daglegum samskiptum. Tjáskipti geta tekið á sig margs konar form eins og tal, texta, látbragð, svipbrigði, snertingu, táknmál, tákn, myndir, talgervil o.s.frv. Allir nota margs konar form af tjáskiptum sem fer eftir því í hvaða samhengi þau eru og við hvern. Formið skiptir þannig minna máli heldur en skilningurinn á því sem verið er tjá.

Vísindamaðurinn Stephen Hawking er örugglega einn þekktasti notandi óhefðbundinna tjáskipta. Hann notar tölvu með augnstýrðri mús og talgervil til að tjá sig með hefðbundnum texta en það hentar þó alls ekki öllum og því hafa ýmis myndræn kerfi verið þróuð fyrir aðra notendur. Síðustu ár hafa tjáskiptakerfi verið yfirfærð í hugbúnað sem að mestu leyti hefur verið notaður í sérstökum tjáskiptatölvum. Þessar tölvur og forrit hafa verið mjög dýr en í dag má sjá breytingu þar á. Nú er að verða betra aðgengi að ódýrari en góðum tjáskiptaforritum, sem hægt er að nota í hvaða tölvu, spjaldtölvu eða síma sem er. Að fá spjaldtölvu er þó aðeins byrjunin og ýmsir þættir sem þarf að hafa í huga þegar valið er tjáskiptaforrit.

Í ágúst síðastliðnum sótti ég alþjóðlega ráðstefnu á vegum ISAAC í Toronto í Kanada og í kjölfarið fór ég að velta því fyrir mér hvar við erum stödd í þessum málum hér á landi. Á ráðstefnunni voru yfir 2.000 gestir frá 40 löndum alls staðar að úr heiminum, bæði fagfólk og notendur óhefðbundinna tjáskipta. Þar voru kynntar nýjar rannsóknir í tengslum við þjálfun í óhefðbundnum tjáskiptum ásamt öllu því nýjasta í tæknibúnaði og hugbúnaði fyrir tjáskiptaforrit. Það sem upp úr stóð að mínu mati, var áherslan á að allir geti notað óhefðbundin tjáskipti ef þeir fá viðeigandi þjálfun. Mikilvægt er að byrja nógu snemma að þjálfa óhefðbundin tjáskipti hjá ungbörnum og lögð var áhersla á að foreldrar, sem eignast mikið fatlað barn, fái strax á fyrstu mánuðum barnsins kynningu á og aðstoð við þjálfunina.

**Gera þarf miklu meira**

Hér á landi hafa börn í leikskólum og skólum fengið einhverja þjálfun í óhefðbundnum tjáskiptum en alltaf má gera betur og eins og áður sagði, byrja miklu fyrr. Eftir að skólagöngu lýkur þá tekur við hjá flestu fjölfötluðu fólki að fara inn á hæfingarstöðvar sveitarfélaganna. Þar er vissulega margt vel gert en því miður hefur allt of lítil áhersla verið lögð á markvissa þjálfun í óhefðbundnum tjáskiptum. Mér vitanlega er hæfingarstöðin Bæjarhrauni í Hafnarfirði eina hæfingarstöðin á öllu landinu sem býður upp á sérstaka þjálfun í óhefðbundnum tjáskiptum. Þörfin er þó vissulega mikil og mun færri en viljað hafa komist að í þeirri þjálfun. Að fá tækifæri til að tjá sig um eigin vilja og líðan ásamt því að hafa samskipti við fleira fólk á breiðari vettvangi getur gjörbreytt lífi og líðan einstaklings. Til þess að uppfylla ákvæði samningsins um samskipti við annað fólk þarf því að gera miklu meira í að auka aðgengi einstaklinga að viðeigandi þjálfun og tæknibúnaði og hvet ég fólk til að kynna sér starfsemi erlendis eins og CAYA sem staðsett er í Vancouver í Kanada. CAYA er stofnun sem veitir fólki 19 ára og eldra þjálfun í óhefðbundnum tjáskiptum og þjónustu í tengslum við tjáskiptabúnað og nær þjónustusvæðið yfir alla Bresku Kólumbíu.

https://www.isaac-online.org/english/what-is-aac/

http://www.cayabc.org/

*Höfundur vinnur við þjálfun í óhefðbundnum tjáskiptum í hæfingarstöðinni Bæjarhrauni, Hafnarfirði.*

ÚTLIT
HÚSGAGNABANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030

**Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga**



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hurricane blutooth heyrnatól | Blackview Omega Pro 5.0" 4G | 3 LED ljós með fjarstýringu | Blackview A8 5.0" 3G | Sími / Snjallúr bluetooth |
| Verð 8.900 | Verð 36.000 | Verð 9.900 | Verð 15.900 | Verð 8.900 |
| Frábær hljómgæði, flottur bassi og innbyggður míkrófónn | HD 4G LTE farsími Octa Core 3GB RAM 16GB ROM 13MP | LED Lýsing undir eða í skápa með fjarstýringu og dimmer | 5.0" Quad Core Android 5.1 1GB RAM 8GB ROM fyrir 2 símkort | Gsm sími, Sport snjallúr með bluetooth og snertiskjá |



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hornskápur | Bókaskápur | Chippendale skápur | French Curio skápur | Chippendale glerskápur |
| Verð áður kr. 135.000 | Verð áður kr. 178.000 | Verð áður kr. 379.000 | Verð áður kr. 165.000 | Verð áður kr. 212.250 |
| Tilboð kr. 94.500 | Tilboð kr. 124.600 | Tilboð kr. 284.250 | Tilboð kr. 107.250 | Tilboð kr. 159.000 |
| 76 x 55 sm - h. 190 sm | Stærð 100 x 45 sm h. 190 sm | 180 x 55 sm - h. 225 sm | 70 x 40 sm - h. 190 sm | 120 x 45 sm - h. 195 sm |



| | | | |
|---|---|---|---|
| Vanilla leðurtaska | J&C leðurtaska | Alamo leðurtaska | Hobo leðurtaska |
| Leður - 4 litir | Leður - 3 litir | Leður - 2 litir | Leður - 3 litir |
| Verð 17.900 | Verð 11.900 | Verð 19.800 | Verð 15.900 |
| Stærð 34 x 16 sm - h. 26 sm | Stærð 28 x 0,5 sm - h. 18 sm | Stærð 36 x 10 sm - h. 23 sm | Stærð 41 x 14 sm - h. 29 sm |



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Rubelli hægindastóll með snúningi | Rubelli hægindastóll með snúningi | Innskotsborð | Hliðarborð | Campaign skrifpúlt |
| Verð 139.000 | Verð 89.000 | Verð 57.000 | Verð áður 79.000 | Verð 149.000 |
| Leður - tilboð 99.000 | Áklæði - tilboð 69.000 | Tilboð 48.450 | Tilboð 63.200 | Tilboð 104.300 |
| Stærð 82 x 90 sm h. 105 sm | Stærð 82 x 90 sm h. 105 sm | Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm | Stærð 90 x 40 sm - h. 86 sm | Stærð 112 x 65 sm - h. 93 sm |

**www.husgagnabankinn.is**



Íslensku strákarnir fagna hér mikilvægum sigri í Höllinni í gær. Sigurinn var naumur en strákarnir sýndu karakter í lokin og byrja undankeppnina vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Byr í seglin í upphafi ferðalags

**Strákarnir okkar byrja undankeppni EM mjög vel en þeir lögðu Tékka í Höllinni í fyrsta leik sínum í undankeppninni. Boðið var upp á alvöru spennutrylli í Höllinni og úrslitin réðust ekki alveg fyrr en í blálokin.**

**HANDBOLTI** Ísland fékk frábæra byrjun í undankeppni EM er liðið skellti Tékkum, 25-24. Sigurinn gat þó ekki verið mikið tæpari.

Í fyrsta skipti í ansi langan tíma vissi maður ekki alveg við hverju ætti að búast af íslenska liðinu. Slíkar hafa breytingarnar orðið á liðinu á síðustu misserum. Kempur úr gullkynslóðinni halda áfram að hverfa á braut og ungir drengir að fá sína eldskírn. Strákar sem hafa verið í liðinu síðustu ár með lítil hlutverk að taka á sig meiri ábyrgð.

Það var alveg klárt fyrir þennan leik að strákarnir yrðu að taka tvö stig úr leiknum í þessum leik. Liðið þarf sína punkta á heimavelli ef það ætlar á EM.

### Gott leikhlé hjá Geir

Það létti eflaust smá pressu af liðinu að skora tvö fyrstu mörk leiksins. Menn mætti tilbúnir til leiks. Eftir um fínar tíu mínútur missti liðið algjörlega dampinn og hleypti Tékkunum fram úr sér. Í stöðunni 4-7 tók Geir Sveinsson landsliðsþjálfari leikhlé. Hann hefur líklega gefið drengjunum eitthvað gott í þessum leik því liðið small algjörlega í gírinn eftir það. Vörnin fór í gang og Björgvin þar fyrir aftan líka. Strákarnir skoruðu fimm mörk í röð og tóku frumkvæðið á ný.

Er flautað var til leikhlés leiddi Ísland með tveimur mörkum, 12-10. Fínn hálfleikur en ekki fumlaus. Tékkarnir ekkert sérstaklega sterkir og stórskytta þeirra, Filip Jicha, var ekki heill heilsu og þurfti að spila á línunni í leiknum.

### Mættu hálfsofandi

Strákarnir mættu hálfsofandi til síðari hálfleiks. Byrjuðu hálfleikinn með 1-5 kafla og grófu sig aðeins ofan holu. Þá var að skríða upp úr holunni og það gerðu strákarnir. Náðu aftur frumkvæðinu fimm mínútum fyrir leikslok og unnu eins marks sigur. Aron Pálmarsson fiskaði ruðning í lokasókn Tékkanna og allt varð vitlaust í Höllinni.

### Margt gott við leik liðsins

Það var margt gott við leik íslenska liðsins í gær. Vörnin hélt lengstum nokkuð vel og Björgvin fylgdi með. Ekki náðist þó að halda sömu gæðum þar í síðari hálfleik en þegar á reyndi lokuðu strákarnir vörninni.

Geir valdi unga drengi í liðið og treysti þeim til að spila. Setti bæði Arnar Frey á línuna og Grétar Ara í markið á ögurstundu. Það er vel og var gaman að sjá.

Aron Pálmarsson er í þeirri stöðu að þurfa að axla mikla ábyrgð í liðinu og bera það á bakinu er illa gengur. Það er nákvæmlega það sem hann gerði á lokamínútunum. Skoraði mörkin, átti sendingarnar og fiskaði svo ruðning í lokasókn Tékka. Svona eiga leiðtogar liða að gera.

### Langt og erfitt ferðalag

Strákarnir fá frábært veganesti fyrir langt og erfitt ferðalag til Úkraínu en með sama góða hugarfarinu og baráttunni er ekkert því til fyrirstöðu að liðið taki tvö stig þar líka og komi sér í afar góða stöðu í riðlinum. **henry@frettabladid.is**

**ÍSL 25 – 24 TÉK**

### Mörk og skot Íslands

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 6/2 (8/3) |
| Arnór Þór Gunnarsson | 5 (7) |
| Rúnar Kárason | 5 (11) |
| Aron Pálmarsson | 4 (10) |
| Kári Kristján Kristjánsson | 3 (4) |
| Ólafur Guðmundsson | 2 (7) |
| Arnór Atlason | 0 (1) |
| Ómar Ingi Magnússon | 0 (1) |
| Guðmundur Hólmar Helgas. | 0(1) |
| Theodór Sigurbjörnsson | 0 (1) |

### Markvarslan hjá Íslandi

| | |
|---|---|
| Björgvin Páll | 11/1 (31/5, 35%) |
| Grétar Ari | 1 (5/1, 20%) |

### Bestu menn íslenska liðsins



**Guðjón Valur Sigurðsson** Maðurinn sem eldist ekki sýndi að hann er enn upp á sitt besta. Nýtti færin sín vel þó svo það hefði verið algjör óþarfi að klúðra vítinu í lokin og gera leikinn óþarflega spennandi. Er leiðtogi liðsins öskrar á menn og rífur þá áfram og er í liðinu af því hann er enn gæðaleikmaður rúmlega það.

**Rúnar Kárason** Skoraði góð mörk og hefur þann frábæra eiginlega að hætta aldrei að skjóta á markið.

**Ólafur Guðmundsson** Hann skilaði mjög fínu varnarhlutverki og vonandi heldur hann áfram að vaxa með landsliðinu.

**visir.is Umsögn um gang leiksins, umfjöllun og viðtöl má finna á íþróttavef Vísis.**

## Aron eftir leik



„Þetta gat ekki verið tæpara en er þeim mun sætara fyrir vikið,“ sagði Aron Pálmarsson eftir spennuleikinn í Höllinni.

„Vörnin í fyrri hálfleik var frábær og Bjöggi fínn fyrir aftan. Það fannst mér best en við náðum ekki að halda dampi í seinni.“

Aron skoraði mörk í lokin, lagði upp og fiskaði svo ruðninginn í blálokin. „Ég þurfti að redda Gauja þar sem hann klúðraði vítinu. Hann kom á of mikilli ferð og ég tók einn fyrir liðið,“ sagði Aron léttur.

## Grétar Ari eftir leik



„Mér leið furðuvel að koma inn. Það var eiginlega skrítið hvað ég var tilbúinn,“ sagði markvörðurinn ungi Grétar Ari Guðjónsson sem spilaði sinn fyrsta landsleik og fékk traustið á lokamínútum leiksins.

„Það er svo mikið í gangi að maður nær að einbeita sér vel. Það er ekki hægt að hugsa um annað en boltann. Þetta var súrrealísk upplifun. Ég var klár í skot í lokin. Treysti mér í að verja. Auðvitað hefði verið best að klára þetta í sókninni á undan en svona fór þetta.“

---

**Meistaradeild Evrópu, riðlakeppni**

**E-riðill**

**Monakó - CSKA Moskva 3-0**
Radamel Falcao 2 (29., 41.), Germain (13)

**Tottenham - Leverkusen 0-1**
0-1 Kevin Kampl (65.)

**Staðan:** Monakó 8, Leverkusen 6, Tottenham 4, CSKA Moskva 2.

**F-riðill**

**Dortmund - Sporting 1-0**
**Legia - Real Madrid 3-3**
0-1 Gareth Bale (1.), 0-2 Karim Benzema (35.), 1-2 Vadis Odjidja Ofoe (40.), 2-2 Miroslav Radovic (58.), 3-2 Thibault Moulin (83.), 3-3 Mateo Kovacic (85.).
**Staðan:** Dortmund 10, Real Madrid 8, Sporting 3, Legia Varsjá 1.

**G-riðill**

**FCK - Leicester 0-0**
**Porto - Club Brugge 1-0**
**Staðan:** Leicester 10, Porto 7, FC Kaupmannahöfn 5, Club Brugge 0.

**H-riðill**

**Sevilla - Dinamo Zagreb 4-0**
**Juventus - Lyon 1-1**
1-0 Gonzalo Higuaín, víti (13.), 1-1 Corentin Tolisso (84.).
**Staðan:** Sevilla 10. Juventus 8, Lyon 4, Dinamo Zagreg 0.

**Domino´s deild kvenna í körfu**

**Snæfell - Keflavík 72-68**
**Stigahæstar**: Aaryn Ellenberg 26 (7 frák., 5 stoðs.), Berglind Gunnarsdóttir 17 (8 frák.), María Björnsdóttir 6 - Erna Hákonard. 16, Dominique Hudson 15 (10 frák., 9 stoðs.), Salbjörg Sævarsdóttir 11 (10 frák.).

**Valur - Skallagrímur 68-87**
**Stigahæstar**: Mia Loyd 22 (21 frák.), Dagbjört Samúelsd.13, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 12, Bergþóra Tómasd. 12 - Tavelyn Tillman 25, Sigrún Sjöfn Ámundad. 18 (11 frák., 13 stoðs.), Ragnheiður Benónísd. 16.

**Stjarnan - Grindavík 67-59**
**Stigahæstar**: Danielle Rodriguez 32 (10 frák., 6 varin), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 10 - Ashley Grimes 23 (12 frák.), María Ben Erlingsdóttir 17 (10 frák.), Ingunn Embla Kristínard.10.

**Njarðvík - Haukar 99-71**
**Stigahæstar**: Carmen Tyson-Thomas 50 (18 frák., 8 stoðs.), Björk Gunnarsdótir 20 (5 stoðs.) - Michelle Mitchell 29 (15 frák.), Rósa Björk Pétursd.12, Dýrfinna Arnard. 11.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 10 | Stjarnan | 8 |
| Skallagrímur | 10 | Grindavík | 4 |
| Snæfell | 10 | Haukar | 4 |
| Njarðvík | 8 | Valur | 2 |

### ÓLAFÍA ÞÓRUNN EFST

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er í efsta sæti á sterku móti Evrópumótaraðarinnar, Fatima Bint Mubarak Ladies Open sem fram fer í Abú Dabí. Hún spilaði á sjö höggum undir pari í gær, fékk átta fugla og einn skolla. Rúmar níu milljónir króna eru í boði fyrir sigurvegara mótsins en bein útsending verður frá því í dag og um helgina. Hefst útsending á Golfstöðinni klukkan 9.00.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 09.00 | Fatima Ladies Open | Golfst. |
| 17.55 | Sassuolo - Rapid Vín | Sport 3 |
| 17.55 | Fenerb. - Man. Utd | Sport 2 |
| 19.15 | Keflavík - Tindastóll | Sport |
| 20.00 | Southampton - Inter | Sport 2 |
| 20.00 | Tel-Aviv - AZ Alkmaar | Sport 3 |
| 19.15 | Keflavík - Tindastóll | Keflavík |
| 19.15 | Njarðvík - Skallagr. | Njarðvík |
| 19.15 | ÍR - Grindavík | Seljaskóli |

# 25%

## AFSLÁTTUR AF HANNYRÐAVÖRUM FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**3. nóvember – 7. nóvember**



**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

## Merkisatburðir



**1493** Kristófer Kólumbus kemur auga á eyjuna Dóminíku í Karíbahafinu.
**1660** Kötlugos hefst og fylgja því miklir jarðskjálftar og jökulhlaup.
**1928** Tyrkir taka upp latneskt stafróf í stað þess arabíska.
**1968** Alþýðubandalagið er stofnað sem formlegur stjórnmálaflokkur, en hafði starfað sem kosningabandalag síðan 4. apríl 1956.
**1978 Megas heldur fræga tónleika í Menntaskólanum við Hamrahlíð undir heitinu Drög að sjálfsmorði.**
**2007** Pervez Musharraf lýsir yfir neyðarástandi í Pakistan, fellir stjórnarskrá landsins tímabundið úr gildi og rekur forseta hæstaréttar.

# Stórafmæli, plata og mynd

**Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds fagnar þrítugsafmæli í dag og getur líka glaðst yfir glænýrri plötu sem heitir Island Songs. Í farvatninu er kvikmynd með sama nafni.**

Ólafur er að stíga út úr flugvél í Keflavík þegar í hann næst, hann kippir sér ekki upp við símtalið. „Ég skrapp til London í nokkur viðtöl því að nýja platan mín var að koma út í fyrradag,“ segir hann. Af hverju London? „Ja, London er einhvern veginn miðstöð alls. Þar hafa flestir fjölmiðlar bækistöðvar og gera út þaðan. Svo er útgáfufyrirtækið þar líka og það hélt hóf í gær, þar var frumsýnd tónlistarbíómynd sem við Baldvin Z gerðum í sumar. Hún heitir Island Songs eins og platan og inniheldur lögin af plötunni.“

Var myndin tekin á Íslandi? „Já, við Baldvin ferðuðumst um landið í sumar og tókum upp lög með tónlistarfólki í litlum bæjum um allt land. Myndin kemur reyndar ekki út fyrr en eftir jól en platan kemur á næstu dögum.“

Nú, svo er bara stórafmæli á morgun. „Já, það skilst mér. Það er nú bara eitthvert fjölmiðlafólk sem er að minna mig á það. Ætli ég reyni ekki að bjóða í smá veislu.“

Þegar ég leitaði að myndum af þér í safninu okkar sá ég mynd af þér með tveimur forsetum, Vigdísi og Ólafi. Hvað kom til? „Já, hún er frá því að ég tók við bjartsýnisverðlaununum. Þeir voru víst svo bjartsýnir á mína framtíð.“

gun@frettabladid.is



**Ólafur Arnalds er bjartsýnn, almennt séð, enda leikur lífið við hann þessa dagana.**
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Þórir Sigurbjörnsson**
Ferjuvaði 9, Reykjavík,

lést laugardaginn 29. október. Hann verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 9. nóvember klukkan 13.00.

**Sigrún María Gísladóttir**
**Halldór Már Þórisson** — **Vilborg Arnarsdóttir**
**Grétar Hallur Þórisson** — **Ólöf Anna Gísladóttir**
**Helga Björk Þórisdóttir** — **Ágúst Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn og faðir okkar,

**Karl Sigurjónsson**
vélfræðingur,
Furugrund 36, Akranesi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi 29. október. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 8. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, og Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis. Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar HVE fyrir góða umönnun.

**Guðrún Alfreðsdóttir**
**Kári Rafn**
**Kristín Sandra**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ólafs Þórs Ólafssonar**
bónda,
Valdastöðum, Kjós.

**Þórdís Ólafsdóttir**
**Ólafur Helgi Ólafsson**
**Ásdís Ólafsdóttir**
**Vigdís Ólafsdóttir** — **Ásgeir Þór Árnason**
**Valdís Ólafsdóttir** — **Jóhann Davíð Snorrason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Viggósson**
frá Ísafirði,
Skipalóni 10, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold 22. október sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, fimmtudaginn 3. nóv., kl. 13.00.

**Alda Garðarsdóttir**
**Helga Björk Guðmundsdóttir** — **Einar Már Jóhannesson**
**Kristín Þorbj. Guðmundsdóttir** — **Sigurður B. Sigurðsson**
**Sæmundur G. Guðmundsson** — **Íris Hrund Sigurðardóttir**
**Hafdís Erla Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Helga Sigurðar Haraldssonar**
yfirverkstjóra,
Sléttuvegi 19, Reykjavík.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Sólteigs á Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og stuðning við fjölskylduna.

**Guðlaug Halldóra Guðmundsdóttir**
**Signý Halla Helgadóttir** — **Hjörtur H. R. Hjartarson**
**Vilberg Grímur Helgason** — **Kristjana Guðlaugsdóttir**
**Ásta Sigrún Helgadóttir** — **Þorsteinn Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Þorláksdóttir**
Norðurbrún 1,
áður Guðrúnargötu 5,

lést á Landspítalanum þann 29. október. Útförin verður frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 9. nóvember. kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Kristjana Aðalsteinsdóttir**
**Þorsteinn Aðalsteinsson**
**Tryggvi Aðalsteinsson**
**Aðalbjörg Þorvarðardóttir**
**Sólveig Aðalsteinsdóttir**
**Málfríður Aðalsteinsdóttir**
**og afkomendur.**

---



✝

Ástkær faðir okkar og afi,

**Árni Ólafur Stefánsson**
fyrrverandi bifreiðastjóri,
Vestursíðu 9, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 29. október. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13.30.

**Ragnar Árnason** — **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Stefán Jóhann Árnason** — **Vaka Jónsdóttir**
**Gunnlaugur Árnason** — **Bergþóra Guðmundsdóttir**
**Júlíus Kristjánsson** — **Steinunn Benna Hreiðarsdóttir**
**og afabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Hjaltadóttir**
hjúkrunarheimilinu Ísafold,

lést sunnudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

**Helga Jónsdóttir** — **Ástvaldur Kristinsson**
**Lúðvík Hjalti Jónsson** — **Gerður Gústavsdóttir**
**Kristinn Rúnar Jónsson** — **Svava Margrét Ingvarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Heiðrún Kristjánsdóttir**
Svansvík,
Súðavíkurhreppi,

er lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 25. október, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 5. nóvember. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði.

**Jóhanna R. Kristjánsdóttir**
**Pétur S. Kristjánsson** — **Rakel Þórisdóttir**
**Þorgerður H. Kristjánsdóttir** — **Hermann S. Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls okkar elskulegu

**Margrétar Höllu Jónsdóttur**
(Maddýjar)

og virðingu henni sýnda.

Láttu hug þinn aldrei eldast eða hjartað –
vinur aftansólar sértu,
sonur morgunroðans vertu.
(Steph. G. Steph.)

**Hörður Skarphéðinsson**
**Ásthildur Jónsdóttir** — **Hans Roland Löf**
**Margrét Halla Hansdóttir Löf**
**Svanhildur Jónsdóttir** — **Páll Grétarsson**
**Sindri Már Pálsson** — **Erna Ágústsdóttir**
**Anna Þórdís Sindradóttir**
**Grétar Már Pálsson** — **Elísabet Pálmadóttir**




| 2 MARAÞON NOW | SÉRSTAÐA STÖÐ 2 MARAÞON NOW | NETFLIX |
|---|---|---|
| JÁ | ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA | NEI |
| JÁ | TEXTAÐ EFNI | AÐEINS AÐ HLUTA |
| JÁ | TALSETT BARNAEFNI | AÐEINS AÐ HLUTA |
| JÁ | HBO | NEI |
| JÁ | ÍÞRÓTTIR OG FRÉTTIR | NEI |
| NEI | ERLENT NIÐURHAL (AUKINN KOSTNAÐUR) | JÁ |
| JÁ | GREIÐA TIL STEF | NEI |
| JÁ | GREIÐA SKATTA Á ÍSLANDI | NEI |

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Ákveðin austan- og norðaustanátt í dag, einkum yfir Vestfjörðum og suðaustanlands. Skúrir og síðan slydduél norðaustan til, en hægviðri og úrkomulítið suðvestanlands og hiti að 8 stigum.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 1° |
| ↖ 4 | ← 8 | ↗ 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 2° | -2° |
| ↘ 4 | ↓ 4 | ↘ 3 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -0° | -1° |
| ← 6 | ↗ 4 | ↑ 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 1° | -3° |
| ↘ 5 | ↓ 3 | → 2 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fyrirhöfn
6. í röð
8. eyrir
9. fugl
11. aðgæta
12. alkyrrð
14. hljóðfæri
16. málmur
17. aska
18. form
20. átt
21. lokaorð

**LÓÐRÉTT**
1. kvk. nafn
3. skóli
4. auðsær
5. knæpa
7. blóm
10. keyra
13. þangað til
15. mergð
16. tunna
19. drykkur



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** rs, **8.** aur, **9.** lóa, **11.** gá, **12.** alkul, **14.** banjó, **16.** ál, **17.** sót, **18.** mót, **20.** sa, **21.** amen.
**LÓÐRÉTT: 1.** erla, **3.** ma, **4.** augljós, **5.** krá, **7.** sól-blóm, **10.** aka, **13.** uns, **15.** ótal, **16.** áma, **19.** te.

### Skák Gunnar Björnsson

Kratovski bjargaði sér fyrir horn gegn Lapschis í Sovétríkjunum árið 1982.

**Hvítur á leik**

**1. Dg8+!! Kxg8 2. Rh6+ Kh8 3. Rf7+ ½-½.**
Í gær lauk alþjóðlegu unglingamóti í Uppsölum í Svíþjóð. Dagur Ragnarsson og Vignir Vatnar Stefánsson urðu þar efstir og jafnir. Glæsilega gert hjá þeim félögum.
**www.skak.is:** Allt um Uppsali.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 3 | 1 | 9 | | 2 | 4 | |
| | | 7 | 2 | | | | | 9 |
| | | 4 | 5 | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| 7 | 9 | 2 | | 3 | | | 6 | |
| 1 | | 6 | | 5 | | | | 8 |
| 2 | 4 | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 8 | | | | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | | | 6 | 7 | 4 |
| | | | | 6 | | 5 | 8 | |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | 7 | | 4 | 8 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 5 |
| | | 1 | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 2 | 9 | 3 | 7 | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | | 3 | 5 | 9 | | | | |
| | | 4 | | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | 5 | | 7 | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | 2 | |
| 6 | | 1 | | | | 2 | 4 | |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| | | | 9 | 8 | | | 6 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# VINSÆLASTI HRINGURINN

## BOSTON KREME




Það er engin tilviljun að Boston Kreme er vinsælasti kleinuhringur heims — hann er nefnilega fullkominn. Hjúpaður gómsætum glassúr og inni í honum leynist dásamleg vanillufylling. Þú einfaldlega verður að smakka.

Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar | Leifsstöð

DUNKIN' DONUTS®

markhönnun ehf

# nettó

## Sparaðu með okkur...



-30%

DÁDÝRAVÖÐVAR
NÝJA SJÁLAND
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**2.799 KR/KG** ❄

*Nýtt og framandi*



-50%

STJÖRNUGRÍS
BAYONNESTEIK
ÁÐUR: ~~1.996 KR/KG~~
**998 KR/KG**



SKINNEY ÝSUBITAR 1KG
ÁÐUR: ~~1.698 KR/KG~~
**1.392 KR/KG**

*Tilvalið fyrir pastað*



KJÖTBANKINN

KB PASTATENINGAR
SKINKA OG BEIKON
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~
**999 KR/KG**

-50%



-20%

M&M SÓSUR
- 3 GERÐIR
ÁÐUR: ~~298 KR/STK~~
**238 KR/STK**



PEPSI 4X2L/ PEPSI MAX 4X2L
ÁÐUR: ~~850 KR/PK~~
**799 KR/PK**



*Ristorante PIZZUR á 10% afslætti*

-10%



COOP KARTÖFLUR
FRANSKAR RIFFL
FRANSKAR „STEAKHOUSE"
KARTÖFLUSTRÁ
ÁÐUR: ~~479 KR/PK~~
**398 KR/PK** ❄



DOWNTOWN ÍS
500 ML - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~798 KR/PK~~
**698 KR/PK** ❄

**Tilboðin gilda 3. – 6. nóvember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Tilvalið um helgina
KEA
KEA HANGIFRAMPARTUR SAGAÐUR
ÁÐUR: 1.689 KR/KG
1.358 KR KG
-20%
-30%
KJÖTBORÐ
FRÁBÆRT VERÐ
KB LAMBA SÚPUKJÖT FERSKT OG ÓFROSIÐ
ÁÐUR: 985 KR/KG
690 KR KG
998KR
998 KJÖTBOLLUR FORSTEIKTAR 900 G
998 KR PK
GOÐI
GOÐI SVIÐALAPPIR
1.389 KR KG
Del Monte Quality
ANANAS
ÁÐUR: 398 KR/KG
KR KG 199
-50%
Ananas á tilboði
-20%
Nørregade
NÖRREGADE BRJÓSTSYKUR 140G - 15 GERÐIR
ÁÐUR: 249 KR/PK
199 KR PK
CAFFESSO DOLCE GUSTO KAFFI - 3 GERÐIR
798 KR PK
ÓDÝRT PIPARKÖKUR - 300 G
269 KR PK
ÓDÝRT Í nettó
ANNA'S PIPARKÖKUR - 375 G
498 KR PK
RANCHERS CUT
COOP FLÖGUR - 175G 4 GERÐIR
ÁÐUR: 399 KR/PK
359 KR PK
Meritene
NÝTT Í nettó
-20%
Próteinríkur næringa-drykkur
MERITENE ENERGIS 15X30G - 3 GERÐIR
ÁÐUR: 2.598 KR/PK
1.990
www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Þarna liggja næfurþunn mörk á milli listar og lífs

**Haraldur Jónsson myndlistarmaður opnaði sýnunguna Leiðsla í Berg Contemporary fyrir skömmu og þar tekst hann á við umhverfi mannsins og það rými sem við sköpum og förum um í okkar daglega lífi.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



> ÞESSI ÁHORFANDI VARÐ ÓSJÁLFRÁTT AÐ MJÚKUM MEITLI ÞEGAR ÉG LEIDDI HANN UM MANNFJÖLDANN OG ÞAÐ MYNDUÐUST RÁSIR Í SALNUM SEM MÓTAÐIST AF GESTUNUM.

Okkur mannfólkinu er það kannski ekki í huga frá degi til dags en við verjum umtalsverðum tíma og orku í að átta okkur á umhverfi okkar og því rými sem við erum stödd í hverju sinni. Umhverfi mannsins hefur löngum verið Haraldi Jónssyni myndlistarmanni hugleikið og þannig er það einnig í nýrri sýningu sem hann opnaði nýverið í Berg Contemporary undir yfirskriftinni Leiðsla.

Haraldur segir að hann hafi í raun unnið að undirbúningi sýningarinnar frá því áður en galleríið hafi verið orðið til sem slíkt, heldur aðeins verið komið á teikniborðið. „Ingibjörg, eigandi gallerísins, bauð mér að vera með í þeim hópi listamanna sem eru á hennar snærum og að halda þessa sýningu fyrir um tveimur árum ef ég man rétt. Þá var ekki byrjað að innrétta hér en þar sem ég hef mikið verið að vinna með arkitektúr, tilfinningar og byggingar sem hugarástand þá hentaði það mér vel. Ég fór að hugsa um hvernig galleríið yrði í laginu, skoðaði grunnteikningar og fór í svona fjarskynjunarferli. Teikningarnar á sýningunni eru unnar með þessi húsakynni í huga. Þær eru eðlilega frekar geometrískar, í senn er í þeim flæði í bæði lit og línum þar sem hið ófyrirséða er mjög mikilvægt.“

Haraldur segist alltaf hafa verið mjög heillaður af arkitektúr sem myndlist. „Allt sem tilheyrir menningunni miðast við mannslíkamann og út frá því hef ég lengi verið hugfanginn af þeirri staðreynd að bygging er í raun og veru ílát utan um mannslíkamann. Bygging sem hugarástand og um leið rými fyrir ákveðna hreyfingu og virkni.“

Á sýningunni er stór veggur lagður undir vídeóverk af gjörningi sem Haraldur segist hafa gert á opnunni. „Gjörningurinn tengir saman öll verkin á sýningunni. Ég fékk fimm sjálfboðaliða og svo úllendúllaði ég þar til það var ein manneskja eftir. Ég hjúpaði síðan viðkomandi áhorfanda með sérsniðnu teppi og leiddi hann um rýmið. Flestir koma á opnun og það verður til við það ákveðinn holdskúlptúr sem síðan hverfur og mig langaði einnig til þess að varðveita hann með einhverjum hætti. Þessi áhorfandi varð ósjálfrátt að mjúkum meitli þegar ég leiddi hann um mannfjöldann og það mynduðust rásir í salnum sem mótaðist af gestunum.“

Í verkum sínum leitast Haraldur meðal annars við að skoða þá farvegi sem við mótum í okkar daglega lífi með því hvernig við hreyfum okkur og ferðumst innan þessa rýmis sem við lifum og hrærumst í. „Við erum auðvitað vanadýr rétt eins og sauðkindin. Við mörkum okkur slóða og persónulega stíga um net okkar daglega lífs. Hvort sem það er í gegnum borgina eða okkar eigin íbúð. Mér finnst þessar skilyrðingar í borgarsamfélaginu áhugaverðar og líka hvernig við skilyrðum okkur sjálf. Hvernig við hreyfum okkur innan um hluti, byggingar og annað fólk.“

Vídeóverkið er í senn skapað og sýnt innan listrýmisins en Haraldi er einnig hugleikið það sem er þar fyrir utan. „Í verkinu leiði ég manneskju út undir bert loft og hún mig. Við líðum um borgarskipulagið í ljósaskiptum skynjunarinnar, þangað til við komum aftur inn í galleríið á allt öðrum stað.“ Vídeóverkið vísar sömuleiðis til verks á gólfi sem er samansett úr ótalmörgum svörtum samanbrotnum landakortum. „Já, grunneiningin í því verki er svart landakort. Það snertir líka eitthvað mjög líkamlegt. Þau eru svört og því ólesanleg í hefðbundnum skilningi og minna kannski eilítið á verk sem ég gerði úr nafnspjöldum sem voru hvít báðum megin. Þau eru líka einhvern veginn að hverfa rétt eins og landakortin með tilkomu snjallsíma og gps-tækninnar. Það finnst mér líka áhugavert. Þessi tilfinning fyrir því sem er að fara. Ég tók eftir því á opnuninni að sumir veigruðu sér við að fara þarna inn. Mér finnst spennandi að skapa þetta hik – þetta líkamlega ástand áhorfandans. Þarna liggja næfurþunn mörk á milli listar og lífs sem er spennandi að kanna.“

Þar sem Haraldur vinnur með þetta flæði og þau mörk sem við setjum okkur sjálf í því samhengi þá er hann að einhverju leyti meðvitaður um þetta dagsdaglega. „Ég reyni að brjóta upp mína farvegi, með misgóðum árangri reyndar, en ég reyni. Maður stendur jú aldrei undir sömu sturtunni. Galleríið er fyrir mér tilraunastofa þar sem ég get búið til kringumstæður sem kalla á viðbrögð og upplifun. Sá leikur finnst mér eitt af áhugaverðari viðfangsefnum listarinnar.“



Haraldur Jónsson við eitt af verkunum á sýningunni Leiðsla í Berg Contemporary. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Brestir í blokkarlífinu

**LEIKHÚS**

**Extravaganza**
eftir Sölku Guðmundsdóttur
★★☆☆☆

**Soðið svið og Borgarleikhúsið**
**Leikarar:** María Heba Þorkelsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Aðalbjörg Árnadóttir og Hannes Óli Ágústsson
**Leikstjóri:** Ragnheiður Skúladóttir
**Tónlist og hljóðmynd:** Ólafur Björn Ólafsson
**Leikmynd:** Brynja Björnsdóttir
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Búningar:** Þórunn Elísabet Sveinsdóttir

Nýtt íslenskt leikverk eftir Sölku Guðmundsdóttur að nafni Extravaganza var frumsýnt í Borgarleikhúsinu síðastliðinn föstudag. Sýningin er samvinnuverkefni leikhússins og leikhópsins Soðið svið en Salka er einnig hirðskáld hússins um þessar mundir.

Í fyrrum félagsmálablokk, nú í eigu eignarhaldsfélagsins Porcellus Property sem leigir allar íbúðirnar út til túrista, má finna lítið söluhorn kallað Puffins etc. en Lýdía er eini starfsmaðurinn. Samkvæmt undanþágusamningi fær hún afnot af íbúð í lundablokkinni gegn því að vinna langar vaktir í móttökunni en heimur hennar riðlast þegar hún finnur laumuíbúa í kjallaranum.

Grunnefnið og hugmyndirnar eru þarna, það er augljóst: túrismavæðing höfuðborgarinnar, sjálfsblekking lífsstílsvarnings og snilli gömlu revíanna blandast saman í ádeilu sem hefur alla burði til að vera spennandi. Inn á milli koma smellnir brandarar sem hitta í mark og söngatriðin eru flest einkar góð. En handritið hefði mátt slípa betur til, orðfæri persónanna er á köflum of stirt og söguþráðurinn er alltof oft ekki nægilega fyndinn.

María Heba Þorkelsdóttir leiðir leikarahópinn og tekst ágætlega upp í hlutverki hinnar taugaveikluðu Lýdíu. Tímasetningar hennar eru góðar en hún stólar alltaf á sömu nálgunina og persónan þróast lítið. Laumuíbúann Gnúma leikur Sveinn Ólafur Stefánsson og svipaða sögu má segja um hans frammistöðu: hún er ágæt en alltaf í sama fasanum. Hannes Óli Ágústsson gerir það sem hann getur í takmörkuðu hlutverki skrifstofublókarinnar Júlíusar. Aðalbjörgu Árnadóttur tekst aftur á móti að finna orkustig sem hæfir verkinu og drífur áfram hverja senuna á fætur annarri.

Nýja svið Borgarleikhússins er eitt af bestu leikrýmum landsins en dapurlegt er að sjá hversu rýmið er illa nýtt. Brynja Björnsdóttir er mjög frambærilegur sviðsmyndahönnuður og hikar ekki við að taka áhættu í sinni hönnun en í þetta skiptið fatast henni flugið. Litlu hlutirnir heppnast þokkalega en stóra vandamálið er hvernig sviðið er minnkað um helming og dýptinni fórnað á meðan breiddin er nánast ekki notuð af persónum verksins.




Úr leiksýningunni Extravaganza sem leikhópurinn Soðið svið sýnir í Borgarleikhúsinu. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

En slæmu sviðsnýtinguna verður líka að skrifa á Ragnheiði Skúladóttur, leikstjóra sýningarinnar. Bæði er Nýja sviðið illa nýtt og samleikur hópsins með stirðara móti. Alla spennu skortir, framsetningin nánast alltaf í sama taktinum og sýningin nánast stöðvast um miðbik fyrri hluta en skánar töluvert eftir hlé. Sýningin rokkar á milli þess að vera rómantískur gamanleikur, revía og farsi en Ragnheiður vinnur ekki nægilega vel með neitt af þessum formum þó að revíuhlutarnir séu þó best heppnaðir.

Þrátt fyrir fögnuðinn sem fylgir ávallt nýjum íslenskum leikverkum þá er einhver ógnvænleg undiralda sem þjakar íslenska leikritun um þessar mundir. Salka er hæfileikaríkt leikskáld og einstaklega orðheppin en Extravaganza virðist vera annaðhvort óklárað eða tilraun til að gera of marga hluti í einu án þess að nostra við neitt af þeim hefðum sem um ræðir. Þræðirnir hanga saman en fátt virðist ganga upp í verkinu eða koma á óvart. Sýningin hefði getað bjargast fyrir horn með þéttu utanumhaldi en allt kemur fyrir ekki.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Leikhópur og listafólk sem á að gera og getur gert betur.

**DRUNGI** EFTIR **RAGNAR JÓNASSON**

# NÝ BÓK RAGNARS!



BESTA ÞÝDDA GLÆPASAGAN Í BRETLANDI! (NÁTTBLINDA)

„HEFUR BLÁSIÐ NÝJU LÍFI Í NORRÆNU GLÆPASÖGUNA.“ *SUNDAY EXPRESS*




**Drungi** er ný og spennandi glæpasaga eftir **Ragnar Jónasson**. Risaforlagið Penguin hefur þegar tryggt sér réttinn á henni fyrir Breska samveldið!

*„Breskir aðdáendur glæpasagna þekkja tvo frábæra íslenska rithöfunda, Arnald Indriðason og Yrsu Sigurðardóttur. Hér kemur sá þriðji: Ragnar Jónasson.“*

The Times

*„Fyrsta flokks spennusaga sem ég mæli eindregið með.“*

Lee Child (um Snjóblindu)

VERÖLD

# Gaman að klóra í yfirborðið og að rífa á það smá gat

**Þórdís Gísladóttir sendi nýverið frá sér ljóðabókina Óvissustig. En þar eins og í nýrri þýðingu á leikritinu Brot úr hjónabandi tekst hún á við yfirborðsmennskuna í lífi okkar frá degi til dags.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Þórdís Gísladóttir, ljóðskáld og þýðandi hefur í mörgu að snúast þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Oft eru þetta orð eða setningar sem síðan vinda upp á sig," segir Þórdís Gísladóttir skáld aðspurð um titil nýrrar ljóðabókar sem hún kallar Óvissustig. Hér er á ferðinni fjórða ljóðabók Þórdísar og í upphafi bókar er skemmtileg áletrun sótt í skilgreiningu Almannavarna á fyrirbærinu óvissustig. Þórdís segir að hún sæki sér oft innblástur í eitthvað sem hún heyri eða sér svona dags daglega. „Ég er ekki eitt af þessum skáldum sem setjast niður og eru búin að ákveða að í dag ætli þau að takast á við eitthvert ákveðið yrkisefni. Þvert á móti. Ég er mjög kaotísk og óskipulögð manneskja.

Reyndar dettur mér oft eitthvað í hug þegar ég er ýmist að sofna eða vakna. Þá er maður einhvern veginn opinn, enda ljóðið einmitt þarna einhvers staðar á mörkum draums og vöku."

## Sparilífið óspennandi

Í upphafi bókarinnar kveður að einhverju leyti við öllu dekkri tón en í fyrri verkum Þórdísar og hún tekur undir það. „Já, þetta er soldið myrkt. Ég sá það þegar ég var búin að skrifa þetta. Þetta var svona einhver stemning sem ég var í á þessum tíma. En svo er það aðeins þannig að þegar maður byrjar að skrifa eitthvað sem er dálítið þungt þá kemst maður í þannig fasa. Ég held líka að þetta sé aðeins árstíminn sem ég er að skrifa bækurnar mínar á og held að allar bækurnar mínar búi yfir einhverju slíku þema. Að það sé í þeim einhver þráður."

Hversdagslíf mannfólksins er Þórdísi hugleikið eða eins og hún segir sjálf: „Hversdagslíf er lífið. Sparilífið er svo lítill hluti af lífinu og í rauninni svo óáhugavert af því að það oft svo mikið leikrit. En hversdagslífið er okkar allra og mér finnst oft eins og fólk sé að reyna að túlka líf sitt og annarra eins og að það sé eitthvað ákveðið – eitthvert yfirborð. En mér finnst gaman að klóra í þetta yfirborð og reyna helst að rífa á það smá gat. Sýna hvernig við erum í raun öll lítilfjörleg og breysk, öll alltaf að klúðra öllu en svo verður þetta allt í lagi þegar upp er staðið."

## Núvitund og bollakökur

Þessa togstreitu gagnvart yfirborðsmennskunni í samfélaginu má sjá greinilega í sumum ljóðum bókarinnar. Þórdís segir að auðvitað könnumst við flest við þennan þrýsting í samfélaginu þar sem er alltaf verið að beina okkur á einhverjar ákveðnar brautir. „Það er alltaf verið að búa eitthvað til fyrir okkur. Núna eiga allir að vera á núvitundarnámskeiði en svo gefast allir upp á því vegna þess að þetta er ekki lífið. Þetta eru kapítalistarnir að finna upp nýtt námskeið fyrir alla. Allir eiga að vera rosalega hamingjusamir að baka bollakökur eitt árið en svo fá allir leiða á því og þá eiga allir að fara að gera eitthvað annað," segir Þórdís og hlær við tilhugsunina.

## Tónar við lífið

Þetta hversdagslega líf með allri sinni yfirborðsmennsku og átökum er líka stór hluti af öðru verkefni sem Þórdís hefur unnið að um skeið. Á morgun verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu leikritið Brot úr hjónabandi eftir Ingmar Bergman, í þýðingu Þórdísar og leikstjórn Ólafs Egilssonar, með Unni Ösp Stefánsdóttur og Björn Thors í aðalhlutverkum. Þórdís segir að hún hafi reyndar skrifað flest ljóðin áður en hún hafi komið að þessari þýðingu. „En þar er einmitt líka verið að fletta ofan af lífi hjóna þar sem allt virðist hamingjusamt í glansblaðaviðtölunum en svo er þetta alla vega þegar betur er skoðað."

**SÝNA HVERNIG VIÐ ERUM Í RAUN ÖLL LÍTILFJÖRLEG OG BREYSK, ÖLL ALLTAF AÐ KLÚÐRA ÖLLU EN SVO VERÐUR ÞETTA ALLT Í LAGI ÞEGAR UPP ER STAÐIÐ.**

En er þetta ekki einmitt hlutverk listarinnar, að klóra í yfirborðið og fá okkur til þess að skoða lífið? „Listin skiptir mann máli. Hún á að hreyfa við fólki og snerta eitthvað í okkur. Það er markmiðið. Það sem hreyfir við manni er það sem endist og skiptir okkur máli."

Þórdís segir að það hafi verið mjög gaman að takast á við texta Bergmans. „Ég var búin að sjá svona eitthvað af þessum þáttum í endurtekningu í sænska sjónvarpinu en hafði þó aldrei horft á þá alla. Þetta er byggt á þessum tíu sjónvarpsþáttum frá 1973 en leikritið kom svo ekki fyrr en 1981. En það kom mér rosalega skemmtilega á óvart hvað þetta hefur einmitt enst vel. Það eru auðvitað hlutir sem þurfti að laga til eins og upprunalega er fólk alltaf að fara fram á gang að svara í símann en í dag eru allir með hann í vasanum. En allt annað, kjarninn, er algjörlega jafn brýnn og sterkur. Samskipti fólks, samskipti hjóna, samskipti foreldra við börn og samskipti fullorðins fólks við foreldra sína sem eru að stjórna fólki sem er að verða fimmtugt eða eitthvað. Og allt ruglið í vinnunni og allt þetta sem við þekkjum í öllu okkar daglega lífi og tónar allt mjög sterklega við líf okkar hér og nú."

### LÍF

**Það er vandaverk
að fylgjast með
fletta vefsíðum
kaupa inn
stilla lífið þannig af
að allt líti út fyrir að virka
að við höfum fullkomna stjórn
og fljótum hægt
í rétta átt.**

**Það smellur í bréfalúgu
og spjöld frá Hjartavernd
og Krabbameinsfélagi
detta á dyramottu.**

**Við dagslok
þegar mest er ógert og meira ósagt
horfumst við í augu
snertumst
og hunsum
seyðing undir öxl
sting í brjósti
flöktandi hugsanir
um annað líf.**

*Úr ljóðabókinni Óvissustig eftir Þórdísi Gísladóttur (Bls. 26-27)*

# Kraftaverkin í Hallgrímskirkju

**TÓNLIST**

**Kórtónleikar**

★★★★☆

Verk eftir Charpentier og Bach. Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju lék, Mótettukór kirkjunnar söng.

**Einsöngvarar:** Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Oddur A. Jónsson, Auður Guðjohnsen, Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir og Guðmundur Vignir Karlsson.

**Hallgrímskirkja**
laugardaginn 29. október



Mótettukór kirkjunnar söng af hrífandi einlægni og tæknilegu öryggi.

Ég heyrði brandara um daginn: Hvað er líkt með Jesú og unglingum? Jú, þeir taka ekki almennilega til starfa fyrr en um þrítugt og þegar þeir gera eitthvað, þá er það kraftaverk.

Um þessar mundir er haldið upp á 30 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju, en ólíkt unglingnum er starfsemin þar ekki fyrst að byrja núna. Tónlistarlífið í kirkjunni hefur alla tíð verið fjölbreytt og afar vandað. Maður á margar góðar minningar af tónleikum í henni.

Mér er sérstaklega minnisstætt þegar orgelkonsert Jóns Leifs var frumfluttur í kirkjunni fyrir um fimmtán árum síðan. Sprengikrafturinn í verkinu var ótrúlegur. Þegar fólk gekk út í anddyrið í hléinu á eftir, var þar allt á floti. Pípulagnir höfðu gefið sig á meðan orgelpípurnar voru þandar til hins ýtrasta. Tónleikagestir gengu á vatni, sem var skemmtilega táknrænt.

Á tímabili var Hallgrímskirkja gagnrýnd fyrir of mikinn hljómburð. Einhver sagði að það væri í lagi að koma of seint á tónleika í kirkjunni; maður heyrði samt fyrstu tónana. Það er nokkuð til í þessu. Hallgrímskirkja sker sig þó ekki frá öðrum sambærilegum kirkjum þar sem ætíð er ríkulegt bergmál. Hörður Áskelsson, sá magnaði hæfileikamaður og tónlistarstjóri kirkjunnar, hefur líka lagað verkefnavalið að ágætlega að endurómuninni, svo hún kemur ekki að sök.

Á laugardagskvöldið voru haldnir tónleikar í kirkjunni til að fagna afmælinu. Dagskráin var lífleg, hún samanstóð af barokkmúsík sem var í senn hátíðleg og full af gleði. Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar flutti fyrst fjórugan mars, Marche de Triomphe et Second Air de Trompettes eftir Charpentier. Þar var leikið á barokkhljóðfæri, þ.e. eldri gerðir nútímahljóðfæra. Þverflauturnar voru úr tré og eitt hornið leit út eins og lakkrísrúlla. Mann langaði hálfpartinn til að fá sér bita! Hljómurinn í sveitinni var léttari og mildari en í nútímahljómsveit, sem jók á gleðina í tónmálinu. Leikurinn var akkúrat, nákvæmur og samtaka, túlkunin spennandi og fallega blátt áfram.

Næst á dagskrá var Messa í F-dúr BWV 233 eftir Bach. Hún er miklu styttri en h-moll messan, sem er eitt voldugasta verk tónbókmenntanna. Engu að síður er hún glæsileg og tilkomumikil og flutningurinn á tónleikunum heppnaðist prýðilega. Oddur A. Jónsson var í bassahlutverkinu og skilaði því af stakri fagmennsku. Röddin var kröftug og sérlega heillandi. Sömu sögu er að segja um Sigríði Ósk Kristjánsdóttur mezzósópran, sem verður betri og betri með hverjum tónleikum. Helst mátti finna að altsöng Auðar Guðjohnsen, sem var dálítið litlaus og ekki nægilega sterkur í samanburði við hina einsöngvarana.

Hér steig Mótettukór kirkjunnar fram og söng af hrífandi einlægni og tæknilegu öryggi. Það gerði hann líka í lokaverkinu á efnisskránni, Te Deum í D-dúr eftir Charpentier. Textinn er lofsöngur frá fjórðu öld og tónlistin er einstaklega vel heppnuð. Hún er litrík og fjölbreytileg, full af grípandi laglínum. Upphafið þekkja allir, það er Eurovision-stefið svokallaða. Hljómsveitin spilaði af festu og áðurnefndir einsöngvarar voru með allt á hreinu; Auður hljómaði betur hér. Í hópinn bættust Guðmundur Vignir Karlsson tenór og Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran sem sungu afar fallega. Þetta var góð stund.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Líflegir afmælistónleikar þar sem nánast allt var fullkomið.



BJARTMAR
ÞANNIG TÝNIST TÍMINN
ÚTGÁFUHÓF Í EYMUNDSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG Í DAG KL. 17.
BJARTMAR LES OG TEKUR LAGIÐ.
ALLIR VELKOMNIR!
sögur ÚTGÁFA

# BÍÓ



Hacksaw Ridge hefur mælst vel fyrir hjá gagnrýnendum.

# Fyrsta mynd Mels Gibson í áratug

Ástralinn **Mel Gibson** hefur haft hægt um sig sem leikstjóri undanfarin ár eftir röð hneykslismála sem sköðuðu ímynd hans verulega. Hann snýr nú aftur með sanna stríðsárasögu

Mel Gibson hefur ekki verið vinsælasti maðurinn í Hollywood undanfarin ár. Fyrir tíu árum var hann handtekinn fyrir ölvunarakstur og heyrðist þá hallmæla gyðingum á ofsafenginn hátt, sem rataði í fjölmiðla vestanhafs og að lokum út um allan heim. Ekki bættu fleiri hneykslismál úr skák, svo sem ýmsar vísbendingar um að Gibson ætti það til að missa stjórn á skapi sínu í tíma og ótíma og gerðist þá jafnvel ofbeldisfullur. Samhliða neikvæðu umtali dró ofurstjarnan sig að miklu leyti út úr kvikmyndaiðnaðinum vestra og hefur að mestu látið sér nægja að fara með lítil hlutverk í örfáum bíómyndum sem fæst hafa vakið mikla athygli. Eftir frumsýningu nýjustu myndar hans á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í síðasta mánuði sagðist Gibson aðspurður hafa dregið sig sjálfviljugur í hlé úr bransanum í þessi ár. „Ég held að besta aðferðin við að biðjast afsökunar sé að koma sjálfum sér í lag og það er það sem ég hef verið að gera,“ sagði leikstjórinn við það tilefni.

Hacksaw Ridge er fyrsta myndin sem Mel Gibson leikstýrir í heilan áratug, eða frá því hann leikstýrði ævintýramyndinni Apocalypto árið 2006. Í myndinni er sögð ótrúleg saga Desmonds T. Doss, hermanns í síðari heimsstyrjöld, sem hélt svo fast í sín helstu viðmið og gildi í lífinu að hann neitaði að bera vopn, þrátt fyrir að dvelja langdvölum á átakasvæðum í fremstu víglínu. Doss trúði því að hlutverk hans í lífinu væri að hjálpa öðrum, án ofbeldis, og hlaut hann bágt fyrir og jafnvel barsmíðar af hendi margra félaga sinna í bandaríska hernum. Síðar var Doss þó heiðraður með æðstu heiðursorðum fyrir að hafa komið mörgum félögum sínum til bjargar meðan á styrjöldinni stóð.



Breski leikarinn Andrew Garfield þykir standa sig vel í hlutverki Desmonds Doss.

Kvikmyndagerðarfólk í Hollywood hefur lengi haft á stefnuskránni að færa sögu Desmonds T. Doss á hvíta tjaldið en ýmsir þættir hafa valdið því að það tókst ekki fyrr en nú, meðal annars andstaða Doss sjálfs við allar slíkar hugmyndir og eins aðstandenda hans eftir að hann lést árið 2006. Ef marka má dóma hefur Gibson tekist vel til og hefur myndinni meðal annars verið lýst sem átakanlegum óði til hugrekkis og óbilandi trúar, bæði á æðri máttarvöld og hið góða innra með hverjum manni. Meðaleinkunn myndarinnar er 8,7 á IMDb og 93% á Rotten Tomatoes, sem segir sína sögu, og þykir breski leikarinn Andrew Garfield sérstaklega fara á kostum í hlutverki hetjunnar, Desmonds t. Doss. Önnur hlutverk eru meðal annarra í höndum Vince Vaughn, Sam Worthington, Luke Bracey og Teresu Palmer. Hacksaw Ridge verður frumsýnd á morgun, 4. nóvember, í Laugarásbíói, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri. kjartang@frettabladid.is



Mel Gibson vann til fjölda verðlauna fyrir mynd sína Braveheart.

## Frumsýningar



### MAX STEEL

Aðalleikarar: Ben Winchell, Josh Brener og Maria Bello
Frumsýnd: 4. nóvember
IMDb: 4,9
Rotten Tomatoes: 53%



### COLLIDE

Aðalleikarar: Nicholas Hoult, Felicity Jones og Anthony Hopkins
Frumsýnd: 4. nóvember
IMDb: 6,1
Rotten Tomatoes: 27%



### THE ACCOUNTANT

Frumsýnd: 4. nóvember
Aðalleikarar: Ben Affleck, Anna Kendrick, J.K. Simmons, Jon Bernthal, Jeffrey Tambor og John Lithgow
IMDb: 7,7
Rotten Tomatoes: 51%


JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 22. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel:
+354 512-5429
jonivar@365.is

Jóhann Waage
Sími/Tel:
+354 512-5439
johannwaage@365.is

Atli Bergmann
Sími/Tel:
+354 512-5457
atlib@365.is

Ólafur H. Hákonarson
Sími/Tel:
+354 512-5433
olafurh@365.is



TVÍSAGA EFTIR ÁSDÍSI HÖLLU BRAGADÓTTUR

# BEINT Á TOPPINN!




Gleði og harmur, vonir og vonbrigði og sannleikur sem aldrei er einfaldur. Áhrifamikil fjölskyldusaga sem lætur engan ósnortinn!

1.
Metsölulisti Eymundsson
Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur

VERÖLD

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is

DOCTOR STRANGE
TOM CRUISE JACK REACHER NEVER GO BACK
BRIDGET JONES'S BABY
Tröll

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| DR. STRANGE 3D | 5.30, 8, 10.40 |
| JACK REACHER 2 | 10.30 |
| TRÖLL 2D ÍSL. TAL | 6 |
| INFERNO | 10.25 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30, 8 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

BENEDICT CUMBERBATCH CHIWETEL EJIOFOR TILDA SWINTON
"FLAT OUT COOL" THE WRAP
ENTERTAINMENT WEEKLY EMPIRE
MARVEL STUDIOS DOCTOR STRANGE

FORSÝND
"Smart"
"Thrilling"
THE ACCOUNTANT
Blanda af Jason Bourne og The Usual Suspects

STORKS Sýnd með íslensku tali
HOLLYWOOD REPORTER
THE WRAP

Tom Cruise er mættur aftur sem Jack Reacher
EMPIRE
TOM CRUISE JACK REACHER

Byggð á samnefndri metsölubók
ENTERTAINMENT WEEKLY
Emily Blunt
Justin Theroux
THE GIRL ON THE TRAIN

BRIDGET JONES'S BABY
EMPIRE ENTERTAINMENT WEEKLY

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 6:30 - 9 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 8 - 10:10 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:50 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:20 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 7 - 9:30 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Allt Smárabíó Háskólabíó Væntanlegt
Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is
Kaupa miða

# Hvað? Hvenær? Hvar?

Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 3. NÓVEMBER

### Viðburðir

**Hvað?** Stórtónleikar Fjörgynjar til styrktar BUGL
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grafarvogskirkja
Stórtónleikar Lionsklúbbsins Fjörgynjar til styrktar BUGL og líknarsjóði Fjörgynjar verða haldnir í fjórtánda sinn 3. nóvember næstkomandi. Að venju verður glæsilegur hópur tónlistarfólks og falleg umgjörð í Grafarvogskirkju, sem prýdd er einstaklega fallegum altaristöflugga eftir Leif Breiðfjörð. Þessir einstöku stórtónleikar eru í hugum fjölmargra orðnir ómissandi hluti af menningarlífi haustsins og upptaktur að jólastemningu desembermánaðar. Áheyrendur hafa vanist því að einungis framúrskarandi tónlistarmenn stígi á svið til að slá upp glæsilegri tónlistarveislu. Stór hópur Lionsfélaga úr Lionsklúbbunum Fjörgyn og Fold sér til þess að allt gangi vel fyrir sig. Niðurstaðan verður töfrum gædd kvöldstund sem yljar áheyrendum samtímis sem þeir styðja gott starf á Barna- og unglingageðdeild LSH.



Stórtónleikar Lionsklúbbsins Fjörgynjar til styrktar BUGL og líknarsjóði Fjörgynjar verða haldnir í fjórtánda sinn í Grafarvogskirkju í kvöld kl. 20.00.

**Hvað?** Ráðstefna um atferlisgreiningu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Nauthóll
Samtök um atferlisgreiningu á Íslandi bjóða í fjórða skiptið til ráðstefnu um atferlisgreiningu fimmtudaginn 3. nóvember og föstudaginn 4. nóvember 2016 í Nauthóli. Gestafyrirlesarar verða þrír virtir fræðimenn á sviði atferlisgreiningar og að auki verður fjöldi innsendra erinda og veggspjalda. Skráning fer fram á www.atferli.is en þar má einnig nálgast upplýsingar um gestafyrirlesarana.

**Hvað?** Stóra veiðihátíðin 2016
**Hvenær?** 3.-6. nóvember
**Hvar?** Egilsstaðir

**Fyrir hverja?**
Veiðihátíðin er fyrir þá sem hafa ástríðu fyrir veiðum, hvort sem um er að ræða stang- eða skotveiði. Hún er einnig fyrir allan almenning sem vill kynnast margbreytilegum útbúnaði og græjum og fræðast um dásemdir og leyndardóma veiðimennskunnar. Stóra veiðihátíðin er haldin í byrjun nóvember, þar sem þá er veiðiskap þessa árs að ljúka og því er hér um nokkurs konar uppskeruhátíð að ræða en um leið margir að byrja að huga að og skipuleggja veiðar og ævintýri næsta árs.

**Hvað gerist?**
Hátíðin fer að mestu leyti fram í Valaskjálf og verður dagskrá hennar fjölbreytt og skemmtileg. Alla dagana þrjá verður hægt að sækja námskeið eða hlýða á fyrirlestra, s.s. um veiðihundaþjálfun, úrbeiningu hreindýra, villibráðarvín, fluguhnýtingar og flugukast, bogskotfimi o.fl. Stóru veiðihátíðinni lýkur með glæsilegu villibráðarhlaðborði og dansleik á laugardagskvöldinu í Valaskjálf.

**Hvað?** Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur
**Hvenær?** 3.-7. nóvember
**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur
Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur verður haldin dagana 3. til 7. nóvember. Sem fyrr er gróskan og fjölbreytnin mikil og meðal þess sem hægt er að skoða á sýningunni í nóvember eru leirmunir, gler, skart, barnaföt, munir úr tré, leðurvörur, skór, fatnaður og fleira.

### Tónlist

**Hvað?** Djasssveifla – Eskifjörður
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði
Djasssveifla að hætti gömlu meistaranna! Tónlistarmiðstöð Austurlands býður upp á sannkallaða veislu þar sem flottustu tónlistarmenn landsins túlka „standarda“ þessarar sívinsælu tónlistarstefnu. Flutt verða gullaldarlög eins og I Hear Music, It Don't Mean a Thing (If It Ain't Got That Swing), Route 66, Summertime, Mack the Knive o.fl. Í hljómsveitinni eru: Stefanía Svavarsdóttir, söngur, ein flottasta jazzsöngkona landsins, Birgir Bragason, bassi, Birgir Þórisson, píanó, Erik Qvick, trommur, Haukur Gröndal, saxafónn. Aðgangseyrir: kr. 2.000

TÓNLISTARMIÐSTÖÐ AUSTURLANDS BÝÐUR UPP SANNKALLAÐA DJASSVEISLU ÞAR SEM FLOTTUSTU TÓNLISTARMENN LANDSINS TÚLKA „STANDARDA“ ÞESSARAR SÍVINSÆLU TÓNLISTARSTEFNU.



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Ransacked | 18:00 |
| Eiðurinn ENG SUB | 17:45 |
| Child Eater | 20:00, 22:00 |
| Innsæi / The Sea Within | 20:00 |
| Captain Fantastic | 20:00 |
| Embrace Of The Serpen | 22:00 |
| Fire At Sea | 22:30 |

CHILD EATER
InnSæi The Power of Intuition

# PABBI MINN GETUR SKO...

$SO_2$ U=I×R




Pabbi prófesor

**Útgáfuboð í verslun okkar Kringlunni í dag kl.17:30**

**VILDARVERÐ: 3.699.-**
Verð: 4.799.-

**KEMUR ÚT Í DAG!**



**Pabbi prófessor**
**VILDARVERÐ: 3.699.-**
Verð: 4.799.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir frá 3. nóv. til og með 7. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



NÝTT Á STÖÐ 2

## HIGH MAINTENANCE

Stórskemmtilegir nýir gamanþættir um ungan mann sem hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis til ólíkra einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugaveiklaðir. Samband mannsins og kúnnanna ristir þó dýpra því að á milli þeirra hefur myndast vinskapur.

SPENNANDI
**FIMMTUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



## MASTERCHEF USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



## NCIS

Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.



FYRRI SERÍUR Á MARAÞON

## THE BLACKLIST

Spennan magnast en tekst Lizzie og Tom að ná barnungri dóttur sinni úr klóm harðsvíraðs glæpamanns sem jafnvel reynist vera faðir Lizzie?



## STARTUP

Magnaðir þættir þar sem foringi skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjótur snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.



## THE FACE OF LOVE

Nikki er ekkja sem verður ástfangin af myndlistarkennaranum sínum. Það sem vekur eftirtekt er að Tom er sláandi líkur látnum eiginmanni Nikki.



## GOTHAM

Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Jamie's 30 Minute Meals**
**10.45 The World's Strictest Parents**
**11.45 Marry Me**
**12.10 Léttir sprettir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ivory Tower**
**14.30 Ingenious**
**16.00 Ég og 70 mínútur** Frábær skemmtiþáttur þar sem Auðunn Blöndal rifjar upp helstu atriðin úr þessum vinsælu þáttum.
**16.30 The Detour**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 The New Girl** Fimmta þáttaröðin um Jess og sambýlinga hennar. Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessari undarlegu stúlku, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra. Með aðalhlutverk fara Zooey Deschanel, Jake Johnson og Damon Wayans Jr.
**19.45** Masterchef USA
**20.30 NCIS**
**21.15 The Blacklist**
**22.00 StartUp** Nýir og magnaðir þættir með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.
**22.45 High Maintenance**
**23.15 Borgarstjórinn**
**23.45 Rizzoli & Isles**
**00.30 The Young Pope**
**01.25 The Young Pope**
**02.25 Gåsmamman**
**03.10 I Origins**
**04.55 Ingenious**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Meistaradeildarmörkin**
**07.30 Dominos deild kvenna**
**09.10 Körfuboltakvöld**
**10.55 Meistaradeildarmörkin**
**11.25 UEFA Champions**
**13.05 UEFA Champions**
**14.45 UEFA Champions**
**16.25 UEFA Champions**
**18.05 Meistaradeildarmörkin**
**18.35 Premier League World**
**19.05 Domino's-deild karla**
**21.10 NFL Gameday**
**21.40 UEFA Europa**
**23.20 Premier League World**
**23.50 UEFA Europa**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.55 Þýski boltinn**
**09.35 Þýski boltinn**
**11.20 Þýsku mörkin**
**11.50 Premier**
**13.35 Premier**
**15.20 Premier**
**16.15 Domino's-deild kvenna**
**17.55 UEFA Europa League**
**20.00 UEFA Europa League**
**22.10 UEFA Europa League**
**23.50 Domino's-deild karla**
**06.45 Premier**

## STÖÐ 3

**17.50 Mike and Molly**
**18.10 The League**
**18.35 New Girl**
**19.00 Modern Family**
**19.25 Fóstbræður**
**19.55 Léttir sprettir**
**20.15 Veistu hver ég var?**
**21.00 Supergirl**
**21.45 Gotham**
**22.30 Arrow**
**23.15 Klovn**
**23.40 NCIS: New Orleans**
**00.25 Fóstbræður**
**00.50 Léttir sprettir**
**01.10 Veistu hver ég var?**
**01.50 Supergirl**
**02.35 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Zigby**
**07.10 Ævintýraferðin**
**07.25 Latibær**
**07.47 Mæja býfluga**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur**
**10.00 Lína Langsokkur**
**10.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.37 Stóri og litli**
**10.49 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Zigby**
**11.10 Ævintýraferðin**
**11.25 Latibær**
**11.47 Mæja býfluga**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur**
**14.00 Lína Langsokkur**
**14.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.37 Stóri og litli**
**14.49 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Zigby**
**15.10 Ævintýraferðin**
**15.25 Latibær**
**15.47 Mæja býfluga**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur**
**18.00 Lína Langsokkur**
**18.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.37 Stóri og litli**
**18.49 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Gnómeó og Júlía**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Golfing World**
**08.50 Sanderson Farms Championship**
**11.50 PGA Tour – Highlights**
**12.45 Golfing World 2016**
**13.35 Keb Hana Bank Championship**
**15.05 HSBC Champions**
**18.05 Golfing World**
**20.05 Inside the PGA Tour**
**20.30 Shriners Hospitals for Children Open**
**23.30 Inside the PGA Tour**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.20 Collaborator**
**13.50 Robin Hood Men in Tights**
**15.35 The Face of Love**
**17.10 Collaborator**
**18.40 Robin Hood Men in Tights**
**20.25 The Face of Love** Annette Bening leikur Nikki sem er ekkja og búin að vera það í fimm ár. Hún verður ástfangin af myndlistarkennaranum Tom sem leikinn er af Ed Harris. Það sem vekur eftirtekt er að Tom er sláandi líkur látnum eiginmanni Nikki.
**22.00 The Mummy** Ævintýramynd sem gerist á fyrri hluta 20. aldar. Harðjaxlinn Rick O'Connell er kominn til hinnar fornu borgar Hamunaptra í Egyptalandi. Hlutverk hans er að aðstoða fornleifafræðinga sem eru að kynna sér sögulegt grafhýsi. Þar er m.a. að finna háttsettan klerk sem var lokaður inni lifandi fyrir mörgum öldum í kjölfar ástríðuglæps. Svo illa vill til að múmían vaknar til lífsins þegar Rick og félagar eru að sinna sínum störfum og í kjölfarið verður fjandinn laus.
**00.05 Silent Hill Revelation**
**02.10 The Mummy**
**04.15 Journey to the End of the Night**

## RÚV

**17.10 Sjöundi áratugurinn – Kapphlaup í geimnum**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.26 Eðlukrúttin**
**18.37 Vinabær Danna tígurs**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Reimleikar**
**20.45 Best í Brooklyn**
**21.10 Vammlaus**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Lögregluvaktin**
**23.10 Dicte II**
**23.55 Kastljós**
**00.25 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 The Millers**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Biggest Loser**
**09.45 The Biggest Loser**
**10.35 Pepsi MAX tónlist**
**13.20 Dr. Phil**
**14.00 Odd Mom Out**
**14.20 Survivor**
**15.05 Superstore**
**15.25 Life In Pieces**
**15.50 No Tomorrow**
**16.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show**
**17.55 Dr. Phil**
**18.40 King of Queens**
**19.05 How I Met Your Mother**
**19.30 The Voice Ísland**
**21.00 This is Us**
**21.45 MacGyver**
**22.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show**
**23.50 24**
**00.35 Sex & the City**
**01.00 Law & Order: Special Victims Unit**
**01.45 Secrets and Lies**
**02.30 This Is Us**
**03.15 MacGyver**
**04.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**04.40 The Late Late Show**
**05.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma**

HARPA

# Hnotubrjóturinn

## *St. Petersburg Festival Ballet ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg snýr aftur og flytur eina fegurstu perlu dansbókmenntanna í viðhafnarbúningi ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Í ár mun dansflokkurinn einnig sýna í Hofi á Akureyri ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands þann 22. nóvember.



*Eldborg*

**24. nóvember** kl. 19:30
**25. nóvember** kl. 19:30
**26. nóvember** kl. 13:00 & 17:00

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði

Miðasala í síma 528 5050, á harpa.is og tix.is

**www.harpa.is/hbr**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Brandenburg | SÍA

# Örtónleikar fyrir heppna í Hörpunni

Vefsíðan Nordic Playlist býður upp á stutt-tónleika fyrir nokkra útvalda gesti í dag og á morgun. Fram koma Glowie, Emmsjé Gauti og Mugison og fara tónleikarnir fram í sérstöku Nordic Playlist rými í Hörpunni.

Nordic Playlist er fyrsta tónlistarvefsíðan sem fókuserar á að segja frá norrænum tónlistarmönnum og útgáfum þeirra. Á Iceland Airwaves í ár munu nokkrir frábærir listamenn halda einkatónleika fyrir fimmtán manns sem geta boðið einum vini svo að hámarksfjöldi á tónleikum er um þrjátíu manns. Það verða nokkrir heppnir dregnir út og fá að sjá sitt uppáhald á lokuðum einkatónleikum,“ segir Ósk Gunnarsdóttir fjölmiðlakona, sem sér um kynningarmál fyrir tónleikana.

**ÞAÐ VERÐA NOKKRIR HEPPNIR DREGNIR ÚT OG FÁ AÐ SJÁ SITT UPPÁHALD Á LOKUÐUM EINKATÓNLEIKUM.**

Tónleikarnir verða haldnir bæði í dag og á morgun, í dag kemur söngkonan Glowie fram á milli eitt og tvö og við henni tekur svo Mugison og spilar til þrjú. Rapparinn Emmsjé Gauti tekur síðan lagið á milli tvö og þrjú á föstudeginum. Það er ekki nauðsynlegt að eiga armband á hátíðina til að komast á tónleikana en hver sem skráir sig til leiks á möguleika.

Nordic Playlist hefur það að markmiði að kynna fólki um allan heim tónlist frá Norðurlöndunum. Hvað er betra en að kynnast nokkrum af bestu tónlistarmönnum landsins á litlum persónulegum tónleikum? Glowie, Gauti og Mugison eru öll þekkt fyrir frábæra sviðsframkomu og ættu því leikandi að geta heillað fólk með sér á þessum tónleikum í The Nordic Playlist Lounge í Hörpunni.

Til að eiga möguleika þarf að skrá sig á vefsíðu Nordic Playlist.

stefanthor@frettabladid.is




Glowie, Emmsjé Gauti og Mugison koma fram á örtónleikum fyrir nokkra útvalda tónlistaraðdáendur í sérstöku horni í Hörpu í dag og á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Meðlimur One Direction greindur með ADHD

Zayn Malik er búinn að vera duglegur við að deila sínum dýpstu leyndarmálum með aðdáendum sínum. Söngvarinn og fyrrverandi One Direction meðlimurinn sagði fyrst frá því að hann hafi þjáðst af átröskun í langan tíma en deilir því einnig í ævisögu sinni, Zayn, sem kom út á þriðjudaginn að hann hafi verið greindur með ADHD.

Söngvarinn segist hafa verið óstýrilátt barn, hann hafi ekki náð að einbeita sér að nokkrum sköpuðum hlut og honum hafi ávallt liðið eins hann hefði enga stjórn á því hvert hugur hans reikaði.

Hann viðurkennir að hafa alltaf verið að koma sér í vandræði og átt mjög erfitt með sig. Það var þó ekki fyrr en löngu síðar sem í ljós kom að hann þjáist af ADHD. Hann hefur fengið sjúkdómsgreiningu frá læknum og gerðist það í framhaldi af því að hann mætti eitt sinn með loftbyssu í skólann.

Fyrir utan þetta hefur söngvarinn sagt frá kvíðavandamálum sínum sem hafi svo leitt til átröskunar sem hann þróaði með sér á meðan hann var enn í One Direction. Hann bætir því þó við að hann hafi aldrei fengið neina greiningu þess eðlis og segist einungis vera að tala um útlit sitt á myndum frá árinu 2014. – sþh



Söngvarinn og hjartaknúsarinn Zayn Malik hefur lent í ýmsu á sinni stuttu ævi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Býður reiðum pönkurum sófapláss

Rapparinn Lord Pusswhip heldur í kvöld tónleika samhliða Airwaveshátíðinni, mætti kalla þá off-venue tónleika, þar sem hann spilar ásamt bandarísku hljómsveitinni Show me the body og dauðapönksveitinni Dauðyflin. Tónleikarnir fara fram í Norðurkjallara Menntaskólans við Hamrahlíð og hefjast klukkan

„Show me the body er ungt tríó af reiðum pönkurum frá Brooklynhverfi í New York en þeir lifa og hrærast í neðanjarðarkreðsu þar ásamt hiphop-böndum eins og Ratking og Jaguar Pyramids.

Þeir spila rappskotið hardcorepönk og hafa komið fram í skítugum kjöllurum í NY og í MoMA listasafninu. Dauðyflin eru síðan íslenskt dauðapönk, einhvers konar hliðarverkefni hljómsveitarinnar Börn,“ segir Lord Pusswhip, sem heitir réttu nafni Þórður Ingi Jónsson. Hann óskar á Facebook eftir gistingu fyrir þessa reiðu pönkara – kjörið tækifæri fyrir lesendur sem hafa áhuga á að hýsa bandarískar hljómsveitir.

Lord Pusswhip gaf í fyrra út sína fyrstu plötu, Lord Pusswhip is wack, og hefur hún fengið glimrandi dóma. Hann hefur starfað í neðanjarðarsenunni hér heima og erlendis þar sem hann hefur verið duglegur við að ljá röppurum takta og hefur til að mynda gert það fyrir nöfn eins og Antwon, Metro Zu og Bones. Hann spilar annars á föstudaginn á Húrra. – sþh



Rapparinn Lord Pusswhip heldur tónleika í Norðurkjallara í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SHOW ME THE BODY ER UNGT TRÍÓ AF REIÐUM PÖNKURUM FRÁ BROOKLYN-HVERFI Í NEW YORK.**




**Við kynnum nýjan Volkswagen Tiguan.** Skarpari hönnun, ríkulegra innanrými og ótal tækninýjungar sameinast í þessum frábæra bíl sem hægt er að fá með allt að 240 hestafla vél. **Komdu og prófaðu nýjan Tiguan.** Við tökum vel á móti þér.

**VW Tiguan, fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur, verð frá:**

**4.990.000 kr.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## VIKAN 26.10.16 – 01.11.16



**1** Petsamo
Arnaldur Indriðason



**2** Tvísaga
Ásdís Halla Bragadóttir



**3** Nóttin sem öllu breytti
Sóley Eiríksdóttir/Helga Guðrún Johnson



**4** Þín eigin hrollvekja
Ævar Þór Benediktsson



**5** Elsku Drauma mín
Vigdís Grímsdóttir



**6** Avocado
Hildur Rut Ingimarsdóttir



**7** Hjónin við hliðina
Shari Lapena



**8** Óminni
Sverrir Berg



**9** Svartalogn
Kristín Marja Baldursdóttir



**10** Harry Potter og bölvun barnsins
J.K. Rowling

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson



Kristján Freyr býr og starfar í Reykjavík en kemur til með að dvelja meira fyrir vestan næstu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Forréttindi að fá að dvelja fyrir vestan

Tónlistarmaðurinn **Kristján Freyr Halldórsson** hefur verið í innsta hring tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður á Ísafirði frá upphafi. Kristján sest nú í fyrsta sinn í stól sjálfs rokkstjóra hátíðarinnar.

„Þetta eru nú kannski ekkert stærri fréttir en þær að Guðjón Valur sé valinn í landsliðið. Hann sagði í viðtali að hann vonaðist til þess að hann væri ekki valinn vegna þess að hann heiti Guðjón Valur heldur vegna þess að hann geti eitthvað í handbolta. Ég tek undir þetta,“ segir Kristján Freyr Halldórsson, nýráðinn rokkstjóri tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður sem fer fram á Ísafirði um páskana ár hvert.

Ástæða þess að Kristján Freyr kýs að gera lítið úr fréttagildi ráðningarinnar er í raun sú að hann hefur verið í innsta hring Aldrei fór ég suður allt frá því að hátíðin var fyrst haldin árið 2004, en sjálfur er hann borinn og barnfæddur Hnífsdælingur. „Hingað til hef ég tekið þátt í undirbúningi hátíðarinnar í bakherbergjum, en ákvað nú að taka þeirri áskorun að stýra henni,“ segir Kristján Freyr, sem starfar sem hugmynda- og textasmiður hjá H:N Markaðssamskiptum og tónlistarmaður með hljómsveitunum Prins Póló, Dr. Gunna og fleirum.

Hann segir aðstandendur Aldrei fór ég suður hafa unnið að því hörðum höndum að betrumbæta vinnubrögð og skipulag á undirbúningi undanfarin ár og hátíðin hafi vaxið og dafnað í samræmi við það, sem sést meðal annars á því að nú þegar hafa nokkur atriði verið bókuð á næstu hátíð. Kristján vill þó ekki greina frá því að svo stöddu hvaða hljómsveitir og tónleikafólk er um að ræða. „Við erum alltaf að stækka hópinn og þetta er ekki lengur fjögurra eða fimm manna vinaklíka sem sér um allan undirbúning. Við tókum þann pól í hæðina að reyna að dreifa ánægjunni svo enginn myndi brenna út og það er ástæða þess að ég, Birna Jónasdóttir [fráfarandi rokkstjóri], Mugison og fleiri höfum verið í þessu svona lengi. Við höfum fengið svo margar góðar hendur og heila til liðs við okkur. Velvildin sem hátíðin nýtur hjá bæjarbúum og yfirvöldum fyrir vestan er líka alveg ótrúleg og þar eru allir ávallt til í að leggja hönd á plóginn.“

Kristján Freyr býr og starfar í Reykjavík og segist aðspurður líta á það sem forréttindi, sem brottfluttur einstaklingur, að fá að dvelja meira fyrir vestan við ýmiss konar undirbúning fram að næstu hátíð og ekki síst á meðan sjálf hátíðin stendur yfir. „Þetta gerir maður ekki nema maður búi að skilningsríkri fjölskyldu og vinnuveitendum. Ég býst við að verða það mikið fyrir vestan að ég þarf eiginlega að athuga hvort gamla unglingaherbergið mitt sé ekki laust.“

**kjartang@frettabladid.is**

### HVAÐA TÓNLISTARFÓLK EÐA HLJÓMSVEITIR MYNDI KRISTJÁN FREYR BÓKA Á ALDREI FÓR ÉG SUÐUR EF HANN FENGI FRÍTT SPIL?

**1. Björk**
„Þegar Rassi Prump og Mugison héldu fyrstu hátíðina árið 2004 hittu þeir Björk af tilviljun og spurðu kurteislega hvort hún vildi koma fram. Hún sagðist vera til í að skoða það. Við erum enn að bíða.“



**2. Sloan**
„Ég er svo hrifinn af þessari hljómsveit frá Halifax í Kanada að ég hef tvisvar sent þeim póst og beðið þá um að koma vestur. Ef þeir væru til myndi ég glaður kaupa handa þeim flugmiða og fá þá til að spila nokkur lög.“

**3. Nick Cave**
„Tónleikarnir hans á All Tomorrow's Parties á Ásbrú fyrir þremur árum eru pottþétt á topp 5 yfir mínar bestu tónleikaupplifanir.“



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

E&Co. eogco.is



20% AFSLÁTTUR

Í TILEFNI AF ICELAND AIRWAVES

GEYSIR

Geysir Skólavörðustíg 7 & 16. Sími 519 6000 — geysir.com — *Tilboðið gildir aðeins á Skólavörðustíg 7 & 16.*

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar



Frosta Logasonar

# Hrunið og Tortóla

Íslensk stjórnmál eru skrýtin stjórnmál. Fyrr á þessu ári þyrptist fólk niður á Austurvöll til að taka þátt í kröftugum mótmælum gegn ríkisstjórn sem þá var fyrir löngu búin að missa traust fólksins í landinu.

Nú höfum við kosið og 29% þjóðarinnar ákváðu að skattasniðganga kjörinna fulltrúa sé ekki vandamál. Breytingar eru óþarfar. Aðalmálið er að hafa traustan mann í brúnni.

Við þrömmum því áfram stolt á vegi hagsældar og ójafnaðar. Hækkum laun þingmanna og ráðherra og látum hvergi staðar numið í veislunni. Árangur áfram, ekkert stopp. Gerir ekkert til þótt við misstum einn Panama-ráðherra fyrir borð. Við eigum nefnilega þrjá og að sjálfsögðu tekur sá næsti við keflinu. Erlendir blaðamenn sem komu hingað til þess að fylgjast með umbótabyltingu geta staðið úti og nagað þröskuldinn. Haldið bara áfram. Hér er ekkert að frétta.

Nú þurfum við ekki lengur að hafa áhyggjur af því að álver og útgerðargrey verði neydd til að borga meira til samfélagsins. Það væri auðvitað hryllilegt. Eða að stjórnarskránni verði umturnað af skríl anarkista. Okkur hefur líka með naumindum verið forðað frá því að þjóðin fái eitthvað að segja um hug sinn til Evrópusambandsins. Ég fæ mig einfaldlega ekki til þess að hugsa þá hugsun til enda.

Sem betur fer eru þeir stjórnmálamenn til sem eru reiðubúnir að selja hugsjónir sínar fyrir þægilega stóla í ríkisstjórn. Því annars fengi ránfuglinn sennilega lítið eða ekkert að borða. Og við værum enn að velta okkur upp úr ómerkilegum hlutum eins og hruninu og Tortóla.










# 10-70% AFSLÁTTUR Í ALLAN DAG TIL MIÐNÆTTIS

- 20% afsláttur af innritunargjaldi
- UNDER ARMOUR — 20% afsláttur af öllum vörum
- GAME STÖÐIN — 20% afsláttur af spiluðum leikjum
- MOTOR & MIA — 20-70% afsláttur af öllum vörum
- ZIK ZAK TÍSKUHÚS — 20-50% afsláttur af völdum vörum
- byggtogbúið Kringlunni — Flestar vörur á 20% afslætti, allar aðrar vörur á 10-70%
- skór.is — 20% afsláttur af öllum skóm
- Dressmann — 25% afsláttur af öllum vörum
- GEYSIR — 20% afsláttur af öllum vörum
- ÚTILÍF — 20% afsláttur af öllum vörum
- POLARN O. PYRET — 2000 kr afsláttur af hverjum 10.000 kr. sem verslað er fyrir
- prooptik gleraugu — 25% afsláttur af öllum vörum
- LINDEX — 20% afsláttur af öllum vörum, gildir ekki með öðrum tilboðum
- Kaupfélagið — 20% afsláttur af öllum skóm
- INGLOT — 3 fyrir 2 af öllum vörum
- Kaffitár — 20% afsláttur af öllum kaffitækjum og kaffipokum
- iittala — 15-30% afsláttur af öllum vörum
- Kultur menn — 20% afsláttur af öllum vörum
- Penninn Eymundsson — 20% vildarafsláttur af öllum vörum
- ecco — 20% afsláttur af öllum skóm
- DÝRABÆR — 20% afsláttur af öllum vörum
- Eirberg LÍFSTÍLL — 20% afsláttur af öllum vörum
- galleri sautján — 20% afsláttur af öllum vörum
- Casa — 15-20% af öllum vörum
- Kultur — 20% afsláttur af öllum vörum
- ORG — 20% afsláttur af öllum vörum
- focus — 20% afsláttur af öllum vörum
- meba — 20% afsláttur af öllum vörum
- KÚNÍGÚND — 20% afsláttur af öllum vörum nema KitchenAid
- SKECHERS — 20% afsláttur af öllum skóm
- Timberland — 20% afsláttur af öllum vörum
- Síminn — 30% afsláttur af öllum aukahlutum
- Heilsuhúsið 1979 — 20% afsláttur af húð- og snyrtivörum
- URBAN — 20% afsláttur af öllum vörum
- WAREHOUSE — 60-70% afsláttur af öllum vörum. Rýmingarsala
- TOPSHOP — 20% afsláttur af öllum vörum. JONI gallabuxur á 5.990 kr.
- KAREN MILLEN — 20% af öllum vörum nema yfirhöfnum
- SIX — 3 fyrir 2 af öllum vörum
- Iam — 3 fyrir 2 af öllum vörum
- Mathilda Kringlunni — 20% afsláttur af öllum vörum
- Levi's — 20% afsláttur af öllum vörum
- MICHELSEN ÚRSMIÐIR — 20% afsláttur af völdum vörum, 30% afsláttur af Michael Kors
- TIMBUK2 — 20% afsláttur af öllum vörum
- DÚKA — 20% afsláttur af öllum vörum
- JÚNÍK — 20% afsláttur af öllum fatnaði
- Air Mohawks — 20% afsláttur af öllum skóm

**FRÁBÆR TILBOÐ YFIR 100 VERSLANA OG VEITINGASTAÐA**

Kringlan

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

# SKEMMTI DAGSKRÁ

**YFIR 200 VINNINGAR**

**LUKKUHJÓL**

## FYRIR BÖRNIN

**KL. 17–19**

Andlitsmálun og blöðrugerðarmenn í göngugötu

## DAGSKRÁ Í GÖNGUGÖTU

**KL. 18–22**

**LÆRÐU AÐ HEKLA JÓLASTJÖRNU**

Tinna Þórudóttir Þorvaldar
býður upp 30 mínútna heklnámskeið.

**KL. 20**

**LUKKUHJÓL MEÐ BJARNA TÖFRAMANNI**

Yfir 200 vinningar í boði og þátttaka ókeypis.

**OPIÐ TIL 24 Í KVÖLD**

**GÖNGUGATAN VERÐUR IÐANDI AF LÍFI Í KVÖLD**

Boðið verður upp á
nudd, hárgreiðslu,
förðun og naglalökkun.
Sýnikennsla í jólaföndri.
DJ, trúbador og kynningar.
Léttar veitingar,
kaffi og súkkulaði í boði.



Birt með fyrirvara um prent- og/eða innsláttarvillur.